



Bls. 6



Varnarleikur

Bls. 24




Alltaf gaman að mæta í vinnuna

Bls. 33



Ánægðari með styttri samningstíma

SUMARID ER KOMID



⌘ Orlofshús

Heitir pottar
Ágæt aðstaða
Fallegt útsýni

⌘ Tjaldstæði

Rafmagn
Aðstaða fyrir hópa og
ættarmót

⌘ Útivist

Fallegar gönguleiðir
Sögufrægir staðir

⌘ Úthlíðarkirkja

Brúðkaup, ferming,
skírn

⌘ Golfvöllur

9 holur

⌘ Réttin - sportbar

Sportbar og grill
EM í beinni á skjánum
Dansleikir
Fylgist með dagskránni
á www.uthlid.is

⌘ Hlíðalaug

Opin alla daga kl 11-17
Sundlaug
Heitir pottar
Verslun
Sjoppa
Bensínstöð

⌘ Hestaleiga

Barnahestar

Verið velkomin!



www.uthlid.is / 6995500 / uthlid@uthlid.is



Útgefandi:

Efling-stéttarfélag
Sættúni 1

Ábyrgðarmaður

Sigurður Bessason

Ritstjóri

Þráinn Hallgrímsson

Blaðamaður

Róbert Ágústsson

Ritstjórn

Atli Lýðsson
Guðmundur P. Jónsson
Sigurður Bessason
Sigurrós Kristinsdóttir

Starfsmenn á skrifstofu

Anna Lís Terrazas
Atli Lýðsson
Ágúst Þorláksson
Berglind Davíðsdóttir
Elin Baldursdóttir
Elin Hanna Kjartansdóttir
Fjóla Jónsdóttir
Guðmundur P. Jónsson
Guðrún Kr. Óladóttir
Hallsteinn Friðbjörnsson
Harpa Ólafsdóttir
Hjördis Baldursdóttir
Hulda Hafsteinsdóttir
Kristjana Valgeirsdóttir
Oddný Einarsdóttir
Ólaf Björk Björnsdóttir
Ragnar Ólason
Ragnheiður Baldursdóttir
Sigurður Ólafsdóttir
Sigurður Bessason
Sigurrós Kristinsdóttir
Sveinn Ingvason
Tryggvi Marteinsson
Þórir Guðjónsson
Þráinn Hallgrímsson

Starfsaðili

Sveinn Aðalsteinsson
Valdis Steingrimsdóttir

Útlit og umbrot

Einn, tveir og þrír, auglýsingastofa

Prentun og bókband

Oddi hf.

Auglýsingar

Hænis sf

Ljósmyndir og aðstoð við útgáfu

Róbert Ágústsson

Á forsiðu

Úti að hjóla

Aðsetur

Efling-stéttarfélag, Sættún 1.
Sími 510 7500/fax 510 7501
www.efling.is
Skrifstofa Eflingar er opin
frá kl. 08.15 – 16.00.



Sigurður Bessason

Ráðamenn láti verkin tala

Þessa dagana er samningur vegna starfsmanna sem vinna hjá rík-
inu í atkvæðagreiðslu. Samningurinn er gerður við mjög erfiðar
aðstæður sem einkennist af fallandi gengi íslensku krónunnar og
hratt vaxandi verðbólgu. Á sama tíma hafa ráðamenn talað um
naðsyn þess að laga kjör umönnunarstétta. Áherslur okkar voru

kjarasamningur til lengri tíma en áherslur opinberu félaganna varð ofaná og 11 mánaða kjara-
samningur var niðurstaðan. Þegar þessi niðurstaða lá fyrir féll tilboð ríkisins varðandi sérstaka
launapotta vegna umönnunarhópa út af borðinu. Miðað við skamman samningstíma eru engu
að síður ýmis ákvæði til bóta.

Í framhaldinu hófst vinna við gerð kjarasamninga vegna allra umönnunarstofnana á höfuðborg-
arsvæðinu en þar eru stærstu samningsaðilarnir Samtök fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu með um
20 stofnanir innan sinna raða og síðan Eir og Skjól. Þar er kominn niðurstaða en ekki er hægt að
undirrita samninginn af hálfu þessara stofnana fyrr en fé hefur verið tryggt sem af samningnum
leiðir. Þau mál eru á borði heilbrigðis-, og fjármálaráðuneytisins.

Það vekur furðu hversu þungt þetta kerfi er. Það hefur legið fyrir allan tímann að kostnaðurinn
yrði sá sami og í ríkissamningnum. Þá ber að hafa í huga yfirlýsingar einstakra ráðherra um að
nú þyrfti að taka sérstaklega á málefnum þessara starfshópa. Þetta vinnulag gengur þvert á þessar
yfirlýsingar.

Í ljósi þess að þessi samningur er til mjög skamms tíma þarf að nýta tímann vel og vinna að
úrlausnum sem duga. Nú gefst tækifæri fyrir ráðamenn að láta lofordin tala.

Eftirlaunalögin

Í desember 2003 ákváðu alþingismenn að skammta sér, formönnum stjórnarandstöðunnar og
ráðherrum mun ríkulegri eftirlaun en þeir höfðu búið við fram að því. Um leið risu hávær mót-
mæli almennings sem ekki hefur lægt síðan. Þingmenn og ráðherrar hafa síðan keppst um að
drepa alla umræðu sem orðið hefur í framhaldinu. Þeir hafa treyst á skammtímaminni almenn-
ings en ekki orðið að ósk sinni. Nú er það smám saman að renna upp fyrir þeim að þetta mál
mun hanga sem smánarblettur yfir þinginu fram að næstu kosningum og jafnvel lengur ef ekkert
verður að gert.

Núverandi ríkisstjórn hefur gefið fyrirheit um að breyta lögunum. Ekki tókst samt að afgreiða
það á yfirstandandi þingi. Það er viss áfangi að málið verði tekið til afgreiðslu á haustþinginu.
Hér duga hinsvegar engar málamiðlanir. Lögin þarf að afnema í heild.

Þær tillögur sem lagðar verða fram verða að þola gagnrýni. Alþingismenn verða að vera tilbúnir að
vinna að lausnum sem allur almenningur getur verið sáttur við. Verkalýðshreyfingin mun fylgjast
grannt með málinu þar til réttlætungu verður fullnægt.

Sigurður Bessason
formaður Eflingar-stéttarfélags

EFNISYFIRLIT

Ávarp	4	Þarf að ráðast að rótum vandans	18
Varnarleikur í þröngri stöðu	6	Alltaf gaman að mæta í vinnuna	22
Matarvenjur mikið breyst á áratug	8	Margt skemmtilegt að gera í Kaupmannahöfn	24
Meiri þekking en áður	9	Líst vel á stærra og öflugra félag	26
Endurnærður	10	Fólk ánægt með að skrifstofan verði áfram	27
Námið var alveg yndislegt	14	Fólk ánægðara með styttri samningstíma	28
Aðgangur að orlofshúsum og íbúðum	15	Stéttarfélög eiga að halda áfram að sameinast	30
Ný íbúð í Kaupmannahöfn	16	Ný störf byggjast á að við fáum að virkja	32

Ágæti félagi,

Aðfaranótt sunnudagsins 25. maí sl. var undirritaður nýr kjarasamningur fyrir hönd Eflingar og annarra stéttarfélaga innan SGS við fjármálaráðherra fyrir hönd ríkisins.

Um er að ræða stuttan samning sem gildir frá 1. maí 2008 – 31. mars 2009. Lögð var megináhersla á verulega taxtahækkun, sambærilega og á almenna markaðnum og það markmið náðist. En í ljósi þess að einungis var samið til skamms tíma eða 11 mánaða töldum við ekki unnt að ná fram öðrum áherslum. Þar er mikilvægust sérstök hækkun fyrir umönnunarstörf og endurskoðun á nágildandi vaktavinnukerfi. Meginástæðan fyrir þessu var að taka þurfti mið af því að aðrir stórir hópar launafólks gengu frá samningi á sama tíma og lögðu þeir áherslu á samning til skemmri tíma. Samningsþóf fram eftir sumri hefði litlu skilað öðru en kjarskerðingu. Þar sem við töldum mikinn ávinning af því að ná fram samræmdri launatöflu sem leiðir til hækkaðra álagsgreiðslna, þá var það mat okkar að undirrita kjarasamninginn og senda hann í atkvæðagreiðslu. Þetta þýðir ekki að við höfum fallið frá kröfum um sérstakar hækkanir fyrir umönnunarstörf eða endurskoðun vaktakerfa. Það verður því

mikilvægt að nýta tímann vel á næstu 11 mánuðum og fylgja eftir þeim áherslum sem nú þegar hafa verið mótaðar.

Hér fara á eftir helstu atriði sem fylgja kjarasamningnum og biðjum við þig að kynna þér vandlega um hvað var samið áður en þú tekur afstöðu til samningsins:

- Launataxtar hækka að meðaltali um tæp 14% eða um kr. 20.300,-.
- Ný launatafla hækkar, sérstaklega grunnlaun yngsta aldurshópsins.
- Ný launatafla hækkar vaktaálagsgreiðslur þeirra sem eru 30 ára og eldri.
- Starfsmenn í tímamældri ákvæðisvinnu fá 17.000 króna uppbót 1. desember 2008.
- Réttur foreldra til fjarveru á launum vegna veikinda barna er bættur, úr 10 í 12 daga.
- Framlag í styrktar- og sjúkrasjóð hækkar um 0,2% og fer í 0,75%.
- Nýtt framlag til endurhæfingar verður öflug stöð til að takast á við vaxandi örorku og styðja þá sem lenda í skertri vinnugetu til áframhaldandi starfa á vinnumarkaði.

Við vonumst til að þegar þú hefur kynnt



þér samninginn, þá sértu sammála okkur um kosti þessa samnings. Mest er um vert að þú takir þátt í atkvæðagreiðslunni og sýnir afstöðu þína til samningsins. Jafnframt bendum við þér á að nýta þér þær kynningar sem fram fara hjá félaginu og verða auglýstar sérstaklega.

Við viljum hvetja þig til að taka þátt í atkvæðagreiðslunni, samþykka samninginn og setja atkvæðið í næsta póstkassa sem fyrst. Atkvæðagreiðslunni lýkur á hádegi þann 20. júní og þá þarf atkvæði þitt að hafa borist Starfsgreinasambandinu. Þín þátttaka er okkar sameiginlegi styrkur!

**F.h. Eflingar-stéttarfélags
Sigurður Bessason
formaður**

Nýr kjarasamningur við ríki til marsloka á næsta ári

Veruleg hækkun grunnlauna

Hver eru meginatriði samningsins?

- Samningstíminn er til ellefu mánaða eða frá 1. maí 2008 til 31. mars 2009.
- Tekin er upp ný launatafla en launataxtar hækka að meðaltali um tæp 14% eða 20.300,-kr.
- Starfsmenn í tímamældri ákvæðisvinnu í ræstingu fá 17.000 króna uppbót sem verður greidd út 1. desember 2008.

- Réttur foreldra til að vera hjá veikum börnum sínum er aukinn. Nú hafa foreldrar rétt á 12 dögum á ári í stað 10 áður.
- Launagreiðendum ber að greiða 0,13% endurhæfingargjald á móti samskonar framlagi frá ríkissjóði. Til viðbótar er gert ráð fyrir framlagi frá lífeyrissjóði í sama hlutfalli frá árinu 2010. Tryggt var sambærilegt framlag til endurhæfingar og samið var um á almennum markaði. Markmiðið er að veita úrræði fyrir

þá starfsmenn sem veikjast til lengri tíma og/eða slasast þannig að vinnugeta skerðist.


- Framlag í sjúkrasjóð hækkar um 0,2% frá 1. janúar 2009 og fer því í 0,75%.
- Orlofsuppbót fer í 24.300 kr. og desemberupbót í 44.100 kr.

Félagsmönnum verður kynntur samningurinn á sérstökum kynningarfundum.

Mundu að atkvæðagreiðslunni lýkur 20. júní.

Akureyri, Egilsstaðir, Selfoss, Hveragerði,
Reykjavík, Akranes, Hafnarfjörður,
Njarðvík, Sandgerði, Kópavogur,
Neskaupstaður, Grundarfjörður,
Stykkishólmur, Súðavík, Ísafjörður,
Vík í Mýrdal og Hreðavatnsskáli **eiga
fleira sameiginlegt en fallega
náttúru og fagurt mannlíf.**

Þú sparar á Orkustöðvunum



Net Orkustöðvanna umhverfis landið þéttist
sífeltilt til enn frekari hagsbóta fyrir almenning.
Kynntu þér hvar Orkustöðvarnar eru og hvað
bensínið er ódýrt þar.



Samningurinn við ríkið

Varnarleikur í þröngri stöðu

- segir Sigurður Bessason, formaður Eflingar

Þetta er ekki óskaniðurstaða okkar, segir Sigurður Bessason um skammtímasamning sem nú hefur verið gerður við ríkið. Ef ég má grípa til samlíkingar, þá er þetta varnarleikur í mjög þröngri stöðu, segir hann. Við erum þarna í samfloti með stórum hópum annarra opinberra starfsmanna og þar varð viljinn til að gera skammtímasamning ofan á. Við hefðum viljað sjá lengri samning með opunarákvæðum og að staðið yrði við fyrirheitin um að hækka sérstaklega kjör umönnunarstarfsmanna. Á því er mikil þörf en nú verðum við að fresta því mikilvæga sanngirnis máli þennan stutta samningstíma. En við skulum ekki gleyma því að þessi samningur felur í sér mikinn ávinning í formi nýrrar launatöflu. Það eru því góð tækifæri í þessu samkomulagi, segir hann.

Sigurður sagði að það hefði tekið allt of langan tíma að koma þessum samningi í höfn en umræður hefðu verið erfiðar vegna þess að verið var að semja við marga ólíka hópa opinberra starfsmanna

Samningurinn felur í sér mikinn ávinning í nýrri launatöflu

á sama tíma. Efnahagslegar forsendur, há verðbólga og spár um atvinnuleysi framundan settu þessa samninga líka í þrönga stöðu, segir hann.

Upphaflega var það vilji af okkar hálfu að ræða lengri samningstíma með opunarákvæðum ef forsendur brygðust. Verðbólguþróunin, gengislækkun og aðrir efnahagslegir þættir gerðu þessa lengri tímaviðmiðun mjög ótrúverðugan kost í stöðunni eftir því sem leið á samningaviðræður.

Pottur í umönnunarstörf

Á þeim tíma sem við ræddum lengri samning var umræðan komin það langt að rétt var um pott til að mæta auknum kostnaði vegna umönnunarstétta eins og stjórnvöld höfðu gefið fyrirheit um. En um leið og lengri samningur var út

af borðinu hjá BSRB þá var ekki annað í boði en 11 mánaða samningur.

Sameiginleg launatafla og eingreiðsla í ræstingum

Mikilvægasta atriði samningsins er ný launatafla sem færir okkur ákveðið réttlæti inn á þetta kjaramálasvið. Lengsti tíminn fór í að þjarka um ræstinguna og varð niðurstaðan sú að sérstök eingreiðsla kemur í desember. Þá skiptir hækkun sjúkrasjóðsgjaldsins miklu máli fyrir félagsmenn. Einnig er yfirfærsla þjónustualdurs á opinbera markaðnum milli aðila s.s. ríkis og sveitarfélaga mikilvæg.

Þá sagðist hann vona að ákvæðin um endurhæfingarsjóðinn verði til þess að gert verði sameiginlegt átak til að taka á vaxandi örorku og vonandi verður þetta sameiginlegt mál á almenna markaðnum og þeim opinbera. Að lokum hvetur hann félagsmenn til að samþykkja samninginn.

Nicorette Fruitmint. Svo bragðgott að menn jafnvel dulbúast til að ná því!

Nicorette Fruitmint er mjúkt að innan, hefur stökkt yfirborð og frískandi bragð með gómsætri blöndu af ávöxtum og myntu. Bragðbesta leiðin til að hætta! Hvað ert þú tilbúin að ganga langt? Fáðu ráðgjöf í apótekinu eða kynntu þér málið á www.nicorette.is

Þín ákvörðun, þín leið,
þitt Nicorette



Nicorette® Fruitmint. 2 mg og 4 mg lyfjatyggigúmmi. Nicorette nikótínlyf eru fánleg án lyfseðils og eru notuð þegar reykingum er hætt eða þegar dregið er úr reykingum. Til að ná sem bestum árangri skal ávallt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðli. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið er reykt, hvort hætt á reykingum eða draga úr þeim. Því ber að kynna sér upplýsingar um notkun í fylgiseðli. Í fylgiseðlinum eru upplýsingar um: verkun og notkun, varúðarreglur, mikilvægar upplýsingar sem nauðsynlegt er að lesa áður en lyfin eru notuð, hugsanlegar aukaverkanir og aðrar upplýsingar. Leið til læknis eða lyfjafraeðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfin. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, nýlegt hjartaáfall, óstöðuga versnandi hjartaöng, alvarleg hjartsláttarglöp eða nýlegt heilablóðfall eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf. Börn yngri en 15 ára, þungaðar konur og konur með barn á brjósti eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf nema að ráði læknis. Lesið allan fylgiseðlinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Geymið fylgiseðlinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar. Handhafi markabreyfis: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatúni 2, Garðabæ.

Leonardó starfsmannaskipti ESB



Hinn glaðværi hópur frá Sóltúni

Starfsafl og Efling-stéttarfélag fengu á dögunum úthlutað styrk til manna-skipta/starfsmannaskipta í Leonardó hluta Menntaáætlunar ESB.

Styrkurinn er að upphæð 16.800 evr-ur og er fyrir 14 félagsmenn Eflingar sem eru starfandi á almenna vinnu-markaðinum. Þessir einstaklingar munu fara í starfsþjálfun til Evrópu á næstu tveimur árum.

Á árunum 2006 til 2008 fóru 40 félags-

**Farið var með þær í skoð-
unarferð að minnismerki sem
stendur við þinghúsið og á því
stendur Guð blessi Ísland**

menn Eflingar í starfsþjálfun til hinna ýmsu Evrópulanda eins og t.d. til Sví-þjóðar, Danmerkur, Litháen, Noregs og Finnlands. Þetta voru starfsmenn frá

Reykjavíkurborg, hjúkrunarheimilum, Mjólkursamsölunni, Loftorku í Reykja-vík, Efnamóttökunni og Iðnskólanum í Hafnarfirði. Það er mjög ánægjulegt að fá tækifæri til að halda þessu góða starfi áfram.

Sóltún heimsækir Vilnius

Gamla fólkið þakkaði Íslandi með tárbotum augunum.

Í apríl sl. fóru fimm starfsmenn frá Sóltúni hjúkrunarheimili til Vilnius í Litháen. Í þessum hóp voru m.a. mæðg-urnar Snieguole og Emilija. Þær eru ætt-aðar frá Litháen en hafa búið á Íslandi frá árinu 2000. Þær voru því komnar á sínar heimaslóðir og öllu vel kunn-ugar. Hópurinn skoðaði tvær stofnanir annarsvegar Vilkipédés ligoníné sem er endurhæfingarstofnun og hinsvegar Gerontologijos Centras sem er öldrunar- og hjúkrunarheimili en sú stofnun er í samstarfi við háskólann í Vilnius. Markmiðið með ferðinni var að kyn-ast uppbyggingu hjúkrunarheimila fyrir aldraða í Vilnius og notkun RAI mæli-tækisins. Einnig að kynnast eftirlits-kerfi með heilabilun og skipulagningu hjúkrunar og afþreyingar.

VÍK Í MÝRÐAL
FJÖLSKYLDUVENT SVEITARFÉLAG Í FALLEGU UMhverfi.

Mýrdalshreppur. Vestur-Skaftafellssýsla. Skrifstofusími: 487 1210.
Heimasíða: www.vik.is



Hressar konur frá velferðarsviðinu í hitanum í Vara

Þær fengu einstaklega góðar móttökur allstaðar þar sem þær komu og gamla fólkið á hjúkrunarheimilinu þakkaði þeim með tårin í augunum fyrir að Ísland hefði verið fyrsta landið til að samþykkja sjálfstæði þeirra. Farið var með þær í skoðunarferð að minnismerki sem stendur við þinghúsið og á því stendur ***Guð blessi Ísland.*** Ferðin var í alla staði mjög lærdómsrík og ánægjuleg og hristi hópinn mjög vel saman.

Velferðarsvið borgarinnar til Vara

Vel skipulögð og fróðleg ferð til Svíþjóðar.

Sex konur frá Velferðarsviði Reykjavíkurborgar fóru á vegum Eflingar til Vara í Svíþjóð í maí 2008. Hópurinn var skipaður einum starfsmanni frá hverri þjónustumiðstöð. Vikuna sem þær stöllu-
ur dvöldu í Vara þá unnu þær á þremur vinnustöðum. Smedjan, sem er heimili og miðstöð fyrir fatlaða, Servicehus-
et, sem er þjónustumiðstöð og félags-
miðstöð aldraða og sinnir jafnframt heimaþjónustu og Kedumsgarden, sem er þjónustumiðstöð, íbúðir aldraða og sinnir heimaþjónustu í dreifbýli.

Helena Torsell og Ann-Marie Brander tóku á móti hópnum við komuna til Vara, buðu þeim í hádegisverð í Vara Concert Hall og fræddu þær um skipurit og uppbyggingu velferðarþjónustunnar í Vara. Eftir hádegisverðinn var farið í skoðunarferðir á vinnustaðina sem þær kæmu til með að vinna á það sem eft-

ir væri vikunnar. Þær eru sammála um að ferðin var vel skipulögð, fróðleg og ánægjuleg í alla staði þó svo fótiferð-

artíminn hefði verið frekar í fyrra fallinu miðað við það sem þær eiga að venjast hér heima.

Kveðja að norðan

*tíl allra síldarstúlkna
og síldarsjómannna*



Síldarminjasafnið á Siglufirði

söltunarstöðin, verksmiðjan, skipin í höfn - allt eins og í gamla daga!
Síldarsöltun og bryggjuball kl. 15 á laugardögum í júlí.
Síldarminjasafnið var valið besta nýja iðnaðarsafn Evrópu árið 2004.

Þjóðlagasetur sr. Bjarna Þorsteinssonar
- þjóðlagaarfur þjóðarinnar í fjölbreyttri sýningu.
Hin árlega þjóðlagahátíð fyrstu vikuna í júlí.

Siglufjörður – þar sem ævintýrin gerast enn!



Aftur í nám

Endurnærður

-segir Bolli Magnússon



Bolli Magnússon

Bolli segist ekki hafa verið greindur með lesblindu en einkennin hafi verið til staðar við lestur og skrift

Eflingarfélagar hafa verið duglegir að sækja nám sem félagið hefur staðið fyrir undanfarin ár í samstarfi við Mími – símenntun. Námskeiðið *Aftur í nám* hefur frá upphafi notið nokkurrar sérstöðu þar sem það

hefur oft afgerandi áhrif á þátttakendur. Námskeiðið er fyrir fólk með lesblindu og byggir á Ron Davis aðferðinni sem er orðin vel þekkt hér á landi. Nýlega útskrifaðist hópur þátttakenda og báru þeir náminu vel söguna og sögðust hafa lært heilmikið á stuttum tíma og m.a. hefði sjálfstraustið hjá þeim aukist jafnt og þétt og samskipti við annað fólk væru mun auðveldari en áður.

Bolli Magnússon vinnur við smíðar og parketlagningu og var í hópi ánægðra þátttakenda á námskeiðinu. Bolli segist ekki hafa verið greindur með lesblindu en einkennin hafi verið til staðar við lestur og skrift og þegar hann frétti af þessu námskeiði hafi hann sótt um. Hann segist líka vera endurnærður á margan hátt að námskeiði loknu eftir að hafa umgengist hóp af fólk sem á við sama vandamál að stríða.

Bolli segir að Ron Davis aðferðin og það að læra að læra hafi reynst sér mjög vel og hann eigi mun auðveldara með að lesa og skrifa núna. Aðspurður um frekara nám segist Bolli hafa sótt um Grunnmenntaskólann og vonandi sest ég aftur á skólabekk í haust, segir hann. En núna er ég á leiðinni til Spánar í smá frí og kem svo endurnærður til baka og verð tilbúinn að takast á við námið, sagði Bolli að lokum.



BROSANDI ALLAN HRINGINN


VEITINGASTAÐIR Á ÖLLUM HÓTELUNUM • ALLTAF STUTT Í SUND
VINGJARNLEG ÞJÓNUSTA • GISTIVERÐ FRÁ 3.750 KR. Á MANN



13 HÓTEL ALLAN HRINGINN

1 ML Laugarvatn • 2 ÍKÍ Laugarvatn • 3 Skógar • 4 Vík í Mýrdal
5 Nesjaskóli • 6 Neskaupstaður • 7 Egilsstaðir • 8 Eiðar • 9 Stórutjarnir
10 Akureyri • 11 Laugarbakki • 12 Ísafjörður • 13 Laugar í Sælingsdal

Pantaðu allan hringinn á hoteledda.is eða í síma 444 4000



Grunnmenntaskólinn byggir brýr til framtíðar

Hólmfríður Jónsdóttir

Stefnir á framhaldsnám



Þær eru margar góðu stundirnar sem aðstandendur og nemendur Grunnmenntaskólans hafa upplifað á undanförunum árum. Í byrjun júní bættust enn fleiri slíkar stundir við þegar sextán nemendur voru útskrifaðir eftir að hafa lokið 300 kennslustunda námi sem hófst síðastliðið haust. Það var hátíðleg stund þegar nemendur fengu afhentar viðurkenningar sínar og meðal þeirra sem höfðu ríka ástæðu til að gleðjast var Hólmfríður Jónsdóttir sem náði góðum árangri og stefnir nú á framhaldsnám. Þannig byggir Grunnmenntaskólinn brýr til framtíðar fyrir þá sem hafa skamma skólagöngu að baki. En hvernig kom það til að Hólmfríður ákvað að sækja um Grunnmenntaskólann?

Börnunum á leikskólanum finnst sniðugt að hún sé í námi

Hún hefur unnið sem leiðbeinandi á Leikskólanum Korpukoti í Grafarvogi í sex ár. Hún ákvað að sækja um Grunnmenntaskólann eftir að hafa kynnt sér hvaða námsgreinar væru í boði í skólanum. Það er orðið nokkuð langt síðan ég var í skóla og var byrjuð að huga að námsleiðum sem tengjast starfi mínu, segir hún. Eftir stutta athugun komst ég að því að námsefnið í Grunnmenntaskólanum hentaði mjög vel til undirbúnings á frekara námi í framhaldsskólum og sótti um.

Náðum mjög vel saman

Samstarf kennarar og nemenda hefur verið frábært og hópurinn náði mjög vel saman strax í upphafi. Við áttum mjög góðan vetur saman og skildum með mikilli eftirsjá, segir hún. Henni gekk mjög vel í náminu og m.a. tók hún þátt í að skrifa ritgerð ásamt tveimur nemendum og þær hafi fengið góða einkunn fyrir hana. Svo þurfti ég að fá umsögn fyrir annan skóla og hún var mjög góð þannig að ég get ekki annað er verið ánægð með veturinn.

Þegar Hólmfríður er spurð um framhaldið segist hún ætla að nota 24 einingar sem hún fékk í skólanum og í þessum töluðu orðum sitji hún við tölvuna og sé að sækja um leikskólakennaranám í Kennaraháskóla Íslands og líka á Akureyri. En ef það gengur ekki sæki ég um Leikskólabróna hjá Mími vegna þess að ég ætla ekki að gefast upp á að komast í leikskólakennaranámið.

Hólmfríður segir að börnunum á leikskólanum finnst sniðugt að hún sé í skóla og spyrja hvort að hún sé búin að læra að lesa og þau vita líka af áhuganum á kennaranáminu og eru alveg sátt við það, sagði Hólmfríður að lokum.





ÍSAM
www.isam.is



Sæmundur í sparifötunum ræður úrslitum!

Það kom í ljós á dögunum að það þekktu ekki allir Sæmund á sparifötunum.
Núna ættu allir að vita það!

Frón kemur við sögu á hverjum degi

www.fronkex.is



Útskrift á fagnámskeiði II í umönnun

Námið var alveg yndislegt

– segir Lucyna Dybka

Hópur Eflingarfélaga var útskrifaður þann 17. apríl sl. af Fagnámskeiði II fyrir starfsmenn sem vinna við umönnun í heimaþjónustu og á hjúkrunarheimilum fyrir aldraða.

Nemendurnir létu í ljós mikla ánægju með námið og flestir voru ákveðnir í að sækja um félagsliðabréna í haust.

Lucyna Dybka er í þeim hópi og hún



TAKIÐ ÞÉR RJÓMA?



Þessi bolli var handmálaður í Japan árið 1933 fyrir heldrafólk á Íslandi, sem drakk rjómakaffi á hátíðisdögum. Sparistellið fór um Kóreu, með Síberíu-hraðlestinni til Moskvu og gegnum Þýskaland á uppgangarárum Hilters til Íslands. En þú getur séð það núna í Húsinu á Eyrarbakka.



HÚSIÐ Á EYRARBAKKA

Söfnin við Suðurströndina

Opið alla daga frá 15. maí til 15. sept. milli kl 11 - 18. Á öðrum tímum eftir samkomulagi.
sími 483 1504 | husid@south.is | www.husid.com

sagði að námið hefði verið yndislegt og kennararnir hafi staðið sig mjög vel og henni fannst ekkert erfitt að læra undir þeirra leiðsögn. Hún bætir því við að fljótlega eftir að námskeiðið hófst hafi sjálfstraustið aukist og það hafi strax farið að skila sér í vinnunni við að annast gamla fólkið á Droplaugastöðum þar sem hún starfar.

Þetta er í fyrsta sinn sem Lucyna fer í nám hér á landi. Hún bjó í Stykkishólmi í mörg ár og þar voru ekki haldin íslenskunámskeið eða fagnámskeið sem tengjast vinnunni, segir hún. Það var ekki fyrir en ég flutti til Reykjavíkur í maí 2006 að ég fór að huga að námskeiðum til þess að styrkja stöðu mína, segir hún. Ég hafði m.a. áhuga á að fara á sjúkraliðabréna en ákvað svo að fara fyrst á fagnámskeið 1 og 2 og gekk mjög vel og ég hlakka mikið til að hefja nám í félagsliðabrénni þegar þar að kemur, segir hún að lokum.



Formenn innsigla sameiningu

Aðgangur að orlofshúsum og íbúðum

Bæði félögin Boðinn og Efling hafa nú samþykkt sameiningu frá og með 1. janúar 2009. Formenn félaganna, þeir Sigurður Bessason og Þórður Ólafsson gengu þann 6. maí sl. frá samkomulagi um samvinnu félaganna á nokkrum sviðum þar til þau sameinast. Mestu skiptir í þessu sambandi að félagsmenn fá nú gagnkvæman rétt á orlofshúsum frá og með 1. júní sl. Einnig verður leitast við að samræma alla fjölmiðlun á vegum félaganna og fá félagsmenn Boðans Fréttablað Eflingar frá og með þessu blaði og heimasíða Eflingar verður opin fyrir fréttum frá Boðanum.


Frá 1. júní verður gagnkvæmur aðgangur að orlofshúsum og fær þannig félagsfólk Boðans aðgang að lausum orlofshúsum, orlofsíbúðum hér á landi og í Kaupmannahöfn á sömu kjörum og félagsmenn Eflingar. Allmikið hefur verið spurst fyrir um þetta á skrifstofu Eflingar og ljóst að talsverður áhugi er á þessum gagnkvæmu samskiptum þó ekki sé komið að sameiningu.

Þá verður Fréttablað Eflingar sent til félagsmanna Boðans áfram en 1. maí blaðið var sent þeim í fyrsta sinn. Þá er

heimasíðan opin fyrir fréttir frá Boðanum. Fréttablað Eflingar er talsvert mikið lesið og mikið af nauðsynlegum upplýsingum af starfsemi félagsins birtist þar og á heimasíðunni.

Ekki er um tengingar við réttindi milli félaganna að ræða fyrr en um áramót en unnið verður að því frá haustdögum að undirbúa og leggja línur varðandi réttindi í sjóðum sameiginlegs félags.

SKÁLHOLT



Skálholtsdómkirkja: Daglegt helgihald kl. 9:00 og kl. 18:00
Messa á sunnudögum kl. 11:00 eða 14:00, á sumrin kl. 17:00.

Sumartónleikar: Tónlistarveisla í Skálholtskirkju
sex helgar í júlí og ágúst.

Skálholtsskóli: Veitingar og gisting allt árið.

Merkt söguslóð. Fornminjar.

Sími staðarins: 486-8870, netfang: skoli@skalholt.is,
www.skalholt.is

Verið velkomin



Kjarasamningar á almennum markaði

Aukinn orlofsréttur

Í kjarasamningunum á almenna markaðnum náðist árangur í að samræma fjölda orlofsdaga á almennum og opinberum launamarkaði.

Tvö nýmæli eru í samningnum á almenna markaðnum sem fólk þarf að

hafa í huga.

25 dagarnir í sömu starfsgrein

Annars vegar er um að ræða að 25 daga orlofið sem er 10,64% af launum hefur gilt fram að samningnum í 5 ár í sama fyrirtæki en gildir frá og með þessum

kjarasamningi einnig í sömu starfsgrein.

29 dagar og 12,55% orlofslaun frá 1. maí 2008.

Hin breytingin sem gildir frá 1. maí á þessu ári er aukning um einn dag fyrir þá sem hafa unnið hjá sama fyrirtæki í 10 ár. Þetta ákvæði gildir frá orlofsárinu 1. maí á þessu ári.

Nýtt endurhæfingargjald

0,13% af launum frá 1. júní

Atvinnurekendur á almennum markaði munu frá og með 1. júní greiða 0,13% gjald af launagreiðslum í nýjan endurhæfingarsjóð sem áætlað er að taki til starfa á árinu. Miðað er við að heildargreiðslur í sjóðinn verði á endanum 0,39% þar sem ríkið kemur inn með greiðslur á árinu 2009 og síðan er gert fyrir sama framlagi frá lífeyr-

issjóðunum á árinu 2010.

Nýja endurhæfingarsjóðnum er ætlað að verða öflug stóð til að takast á við vaxandi örorku í landinu með því að styðja við bakið á þeim sem lenda í skertri starfsorku en verða áfram í störfum á vinnumarkaðnum.

Iðgjöld hækka í fræðslusjóð 1. júní

Samkvæmt nýjum kjarasamningi á almennum markaði hækka iðgjöld til fræðslumála af launum úr 0,15% í 0,20% frá 1. júní í ár. Þessi hækkun mun gera starfsmenntasjóðum kleift

að standa undir aukinni menntun félagsmanna og nýjum kröfum sem sífellt eru gerðar á sviði fræðslumála félaganna.

Orlofsuppbót 2008

24.300,- kr.

Orlofsuppbót fyrir árið 2008 á almennum markaði og hjá ríkinu er 24.300,- kr. fyrir árið 2008. Ekki er búið að ganga frá kjarasamningum við alla aðila og því viljum við benda á að einhverjir eru líklega að fá greitt miðað við orlofsuppbót 2007. Leiðrétting á orlofsuppbót hjá þeim aðilum kemur þegar nýr kjarasamningur liggur fyrir. Þetta á til dæmis við um hjúkrunarheimilin og fleiri aðila.

Útreikningstímabil orlofsuppbótar er orlofsárið, 1. maí til 30. apríl. Ofangreind upphæð er miðuð við fullt starf allt árið en annars er uppbótin hlutfallsleg.

Hægt er að sjá nánari útfærslu í viðkomandi kjarasamningi á vef Eflingar-stéttarfélags www.efling.is.

Heimasíða Eflingar

Fjöldi heimsóknna vegna kjaramála


Það hefur komið í ljós á undanförunum vikum að vel er fylgst með heimasíðu Eflingar. Þetta á sérstaklega við þegar staða kjaramálanna hefur verið þannig að félagsmenn hafa viljað fá fregnir með beinum hætti frá félaginu á þeim tíma sem mikilvæg atburðarás er í gangi. Einnig fylgjast aðrir fjölmiðlar mjög vel með heimasíðu Eflingar og flytja að jafnaði talsvert af fréttum af síðunni inn í miðla sína. Þeir sem hafa umsjón með síðunni fá stundum ágætis ábendingar frá félagsmönnum sem ekki finnst nóg að gert og vilja sjá umfjöllun um sína samninga í meira mæli á síðunni. Reynt er að bregðast við þessum ábendingum félagsmanna eins og kostur er.

Allt frá því heimasíða Eflingar var sett af stað hefur verið vaxandi skoðun á síðunni en hún er nokkuð sveiflukennd

eftir því hvaða fréttæfni er í gangi. Mikið er leitað upplýsinga um orlofs-húsin og réttindi í sjúkrasjóði auk þess sem síðan virkar sem uppsláttarrit um kjarasamningana þar sem hægt er að skoða alla samninga á netinu.

Í kringum kjarasamningana á almenna markaðnum upp úr áramótum var mikil skoðun á síðunni og einnig nú þegar samið var við ríkið og samningar við hjúkrunarheimilin eru í deiglu.

Það er því rétt að kíkja á síðuna www.efling.is


www.efling.is


Fjölbrautaskólinn
í Breiðholti

Kvöldskóli FB

Félagsgreinar - Íslenska - Sagnfræði - Listir - Handíðir - Snyrtifræði
Rafiðnir - Raungreinar - Stærðfræði - Sjúkráliðagreinar - Tréiðnir
Tungumál - Tölvugreinar - Viðskiptafræði

www.fb.is



Ný íbúð í Kaupmannahöfn



Enn aukum við kosti félagsmanna okkar í Kaupmannahöfn. Efling hefur nú fengið fjórðu íbúðina og er hún staðsett á Íslandsbryggju, nánar tiltekið á Weidekampsgade 21 rétt við Langebro.

Íbúðin er glæsileg í alla staði og með bílastæði í bílageymslu í kjallara hússins, sem er kostur fyrir þá sem eru t.d. með bílaleigubíl.

Byrjað er að taka niður leigu frá og með haustinu og eins og sjá má á myndunum er húsið stórglæsileg og umhverfið ekki síðra.

Mikilvægar dagsetningar ! Ekki gleyma þér

Kaupmannahöfn í haust	- erum byrjuð að bóka
Haustferðirnar – Hítarvatn	- byrjum að bóka 1. júlí
Orlofshús haust 2008	- byrjum að bóka 11. ágúst
Kaupmannahöfn eftir áramót	- byrjum að bóka 11. ágúst

Vakin er athygli á því að í öllum skráningum sem fram fara á skrifstofu ganga þeir fyrir sem fyrstir mæta þegar skrifstofan opnar kl. 8.15 og fá afhent númer.





Bakað á staðnum!

Allt í einni ferð á lægra verði



Ávaxta- og grænmetistorg
ferskleiki og hollusta!



Lífrænt og hollt
ótrúlegt úrval!



Kjöt og fiskur
kjötvinnslá á staðnum!





Guðrún Óladóttir

Örorkan liggur á vinnustaðnum

Parf að ráðast að rötum vandans

-segir Guðrún Óladóttir, forstöðumaður Sjúkrasjóðs Eflingar

Hlutfall kvenna sem störfuðu hjá opinberum fyrirtækjum og enda starfsævina á örorkubótum er allt of hátt miðað við fjölda þeirra í Eflingu. Í umræðu um viðbrögð við fjölgun öryrkja og stofnun Endurhæfingarsjóðs, hefur mér fundist að skort hafi á nánari athugun á þeim sem nú þegar eru öryrkjar og hvernig skert starfsorka þeirra og veikindi hafa leitt til örorkunnar, segir Guðrún Óladóttir forstöðumaður Sjúkrasjóðs Eflingar í samtali við Fréttablað Eflingar.

Gildi Lífeyrissjóður heldur tölulegar upplýsingar um sjúkdómsgreiningu sem ástæðu örorku, en lítið hefur verið skoðað nánar um aðra þætti sem varpað gæti ljósi á örorkuna eins og til dæmis hvar unnu þeir áður en þeir fóru á örorku, aldursdreifingu, kynjaskiptingu og hlutfall Eflingarfélaga. Þess vegna réðist ég í það í samvinnu við Lífeyrissjóðinn Gildi að skoða þennan hóp nánar, segir hún.

Þeir eldri eru líka dýrmætt vinnuafli og eiga skilið að geta unnið þótt starfsorkan sé ekki 100%

Til að fá yfirlit yfir heilt ár var árið 2006 valið til skoðunar. Á því ári voru 256 manns úrskurðaðir öryrkjar hjá Gildi, alls 137 karlar en 119 konur. Af þeim reyndust tæp 60% hafa greitt til Eflingar einhvern tíma á síðustu 20 árum, karlar voru 36,2% en konur hins vegar 63,8%. Þetta stangast mjög á við samsetningu félagsmanna Eflingar, þar sem karlar eru yfir 54% félagsmanna. Mikill meirihluti karlanna vann á almennum markaði en meirihluti kvennanna vann hjá opinberum fyrirtækjum. Samtals höfðu 58,6% örorkuþeganna starfað á almennum markaði en 41,5% hjá opinberu fyrirtæki.

Þótt við hefðum á tilfinningunni að

hlutfall þeirra sem unnið höfðu hjá opinberum fyrirtækjum væri hærra meðal öryrkjanna en hlutfall þeirra er sem félagsmanna, kom þessi niðurstaða okkur mjög á óvart, því um 74% allra Eflingarfélaga starfa á almennum markaði en einungis um 26% hjá opinberum fyrirtækjum. Þegar þeir sem greiddu til Eflingar síðustu 12 mánuði fyrir örorkuúrskurð voru skoðaðir, kom í ljós að hlutfall kvenna var komið upp í 67,2% og reyndist 63% þeirra vera 50 ára eða eldri. Enn versnaði hlutfall þeirra sem starfað höfðu hjá opinberu fyrirtæki, því þeir eru 46,3% af öryrkjunum, allt konur utan einn karl.

Þessi niðurstaða hlýtur að leiða hugann að vinnustaðnum sjálfum. Ein leið til að sporna við sívaxandi örorku er að ráðast að rötum vandans. Hann hlýtur að liggja í mörgum tilvikum hjá vinnustaðnum. Gera þarf átak til að bæta vinnuumhverfi og vinnuaðstæður þeirra sem starfa hjá opinberum fyrirtækjum og eru þar í andlega og líkamlega erfiðum störfum, svo sem við umönnun barna og aldraðra, ræstingar og eldhússtörf.

Áhættumat á vinnustaðnum

Samkvæmt lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, ber atvinnurekanda að stuðla að andlegri og líkamlegri vellíðan starfsmanna. Þá ber atvinnurekandi ábyrgð á að fram fari áhættumat á vinnustaðnum þar sem meðal annars er metið andlegt og líkamlegt álag vinnunnar á starfsfólk. Þess utan þarf að breyta bótakerfinu á þann veg að fólki verði gert kleift að vinna lengur, þó ekki sé nema að hluta, án þess að fjárhagurinn fari í rúst. Í dag er sú brotalöm á bótakerfinu að það letur fólk til að vinna, því það einfaldlega hefur borgað sig betur fjárhagslega að verða skráður 75% öryrki eða meira.

Við finnum að þessi hópur félagsmanna er ósáttur við að þurfa að hætta störfum, kannski um fimmtugt í stað 67 ára eins og reglur gera ráð fyrir. Undanfarna mánuði hafa til að mynda fjórir „eldri“ einstaklingar verið í starfsendurhæfingu á okkar vegum hjá Janus-endurhæfingu og reynslan af því er mjög góð. Að mínu mati þarf væntanlegur Endurhæfingarsjóður að huga að því að leggja ekki bara áherslu á að endurhæfa yngri öryrkja. Þeir eldri eru líka dýrmætt vinnuafli og eiga skilið að geta unnið þótt starfsorkan sé ekki 100%, segir Guðrún að lokum.



Tilbúin í ferðalagið

HVITA HÚSIÐ / SÍA - 08-0906 • 805061



DECUBAL

Húðvörur
– Fyrir þurra og
viðkvæma húð

Ibúfen®

Paratabs®

Lóritín®

Paraghurt®

Mjólkursýrugerlar
Við breytingum
á þarmaflóru

Verið við öllu búin

Að ýmsu ber að hyggja þegar haldið er í ferðalag.
Kannaðu hvað apótekið þitt hefur upp á að bjóða.

actavis
hagur í heilsu



Ferðapjónustan í Úthlíð

Í Úthlíð í Biskupstungum hefur verið rekin umfangsmikil ferðapjónusta um árabil. Úthlíð er miðja vegu milli Laugarvatns og Geysis og þangað er riflega klukkustundar akstur úr Reykjavík. Þar eru nú um 200 sumarhúsa í eigu einstaklinga og félagasamtaka. Efling á þrjú hús í Úthlíð sem eru mjög vinsæl til útleigu. Þá á Ferðapjónustan sjálf nokkur sumarhús sem leigð eru út í lengri og skemmri tíma.

Réttin

Veitingastaðurinn Réttin er opin alla daga yfir sumartímann og þar eru á boðstólum léttar veitingar, hamborgarar, pítsur, bjór og vín. Í Réttinni er jafnan mikið fjör þegar beinar útsendingar eru frá íþróttakappleikjum og í sumar verður nýtt billiardborð tekið í notkun sem fjölmargir gestir staðarins geta vonandi notið.

Réttin er einnig leigð út til veisluhaldna en staðurinn rúmar um 120 manns. Nokkrum sinnum á ári eru haldnir dansleikir í Réttinni og stundum er þar lifandi tónlist.

Reddum því sem gleymdist heima

Hlíðarlaug er starfrækt yfir sumarmánudöguna. Hún er 16 2/3 metrar á lengd

og við hana eru tveir heitir pottar og busllaug fyrir börn. Stór sambyggð verönd er milli sundlaugarinnar og Réttarinnar. Við sundlauginna er einnig ferðamannaverslun þar sem hægt er að kaupa ýmsar nauðsynjar svo sem mjólkurvörur, brauð, grillvörur, gos, sælgæti, ís, helstu matvörur o.fl. Einnig rekur Skeljungur sjálfsafgreiðslustöð í Úthlíð þar sem hægt er að kaupa olíuvörur og gas.

Golf og grill í Úthlíð

Núu hulu golvöllur er í Úthlíð. Félagar í Golfklúbbi Úthlíðar eru nú riflega eitt hundrað og fer þeim ört fjölgandi. Vallargjöld eru greidd í Réttinni og þar er einnig hægt að kaupa algengustu golfvörur og leigja golfsett. Fyrirtækjum og starfsmannafélögum stendur til boða að halda golfmót á Úthlíðarvelli sem enda gjarnan með góðri grillveislu í Réttinni. Golfklúbburinn stendur fyrir nokkrum golfmótum á ári sem auglýst eru á vef Golf sambands Íslands www.golf.is.

Rafmagnstenglar á tjaldstæðinu

Þá eru ágæt tjaldstæði í Úthlíð, þar er hægt að tengja húsbíla og hjólhýsi við rafmagn. Á tjaldstæðinu eru tvö grillskýli með kolagrillum, salernisaðstaða og vaskar.

Hestar

Í hestaleigunni er hægt að leigja hesta í lengri eða styttri ferðir. Vinsælastir eru hálf tíma- eða klukkutíma reiðtúrar með leiðsögn en einnig er hægt að skipuleggja lengri reiðtúra með fyrirvara.

Hestahópar velkomnir

Úthlíð er vinsæll áningarstaður fyrir hestahópa, en frá staðnum eru reiðleiðir í ýmsar áttir. Jeppaslóði er frá Úthlíð upp að Högnhöfða, inn með höfðanum og upp Hellisskard, inn á línuveginn hjá Hlöðuvöllum. Slóðinn er aðeins fær góðum jeppum. Á veturna eru vél-sleðamenn gjarnan á ferli í Úthlíð og var mikið fjör í sveitinni á liðnum vetri.

Úthlíðarkirkja

Úthlíðarkirkja blasir við öllum þeim sem aka eftir þjóðvegnum og er hún oftast opin. Messað er í kirkjunni nokkrum sinnum á ári og einnig er hún vinsæl til kirkjuathafna svo sem fyrir giftingar og skírnir. Kirkjan tekur 120 manns í sæti og er því tilvalið að halda veisluna í Réttinni eftir að athöfnum lýkur í kirkjunni.

Orlofshús og lóðir

Þeir sem byggja sér orlofshús eða velja sér stað til að dvelja á í frístundum leita

Í vaxandi mæli að umhverfi þar sem eru fjölbreyttir afþreyingarmöguleikar, lífandi samfélag og fagurt mannlíf. Þetta er allt til staðar í Úthlíð. Nýlega hafa verið skipulögð ný sumarhúsasvæði fyrir vestan og ofan núverandi sumarhúsasvæði. Ýmsir byggingaverktakar eru að byggja og selja glæsileg sumarhús í Úthlíð og einnig er algengt að einstaklingar eða fjölskyldur byggja hús á staðnum.

Um Úthlíð

Úthlíð er ein stærsta jörð á Suðurlandi og býður jörðin upp á fjölbreytta afþreyingarmöguleika til viðbótar við þá sem áður hafa verið taldir. Gönguferðir njóta sífellt meiri vinsælda og í Úthlíðarlandi og þar í kring eru mjög skemmtilegar gönguleiðir. Brúarárskörð eru fágæt náttúruperla um 10 km fyrir ofan Úthlíð. Þangað er vinsælt að ganga og njóta þess að sjá upptök Brúarár í djúpu gljúfrinu. Færri ganga alla leið upp á Högnhöfða þó svo að engum líði úr minni að standa á toppi þessa ríflega 1000 metra háa fjalls, þaðan sem sagt er að sjáist í 12 sýslur í göðu skyggni.



Hópar geta fengið leiðsögn heimamanna þegar gengið er í nágrenni staðarins og á fjöllin í kring um bæinn. Björn Sigurðsson bóndi í Úthlíð hlaut Landbúnaðarverðlaunin sem er viðurkenning búnaðarþings árið 2007. Fékk hann verðlaunin sérstaklega fyrir uppbyggingu ferðapjónustunnar á jörðinni.

www.uthlid.is

Vefsíða Ferðapjónustunnar í Úthlíð www.uthlid.is er efnismikil og þar eru ítarlegar upplýsingar um það sem er í boði. Inn á vefinn eru settar fréttir og tilkynningar um það sem er á döfnni hverju sinni.

Ýmsir styrkir Sjúkrasjóðs

Styrkur:	Hámark:	Hlutfall	Hve oft?	Skilyrði	Nauðsynleg gögn:
Krabbameinsskoðun gunnskoðun	3.000,-	Hám. 100%	2 x á hverjum 12 mán.	3ja mán. iðgjöld a.m.k. 3.000,-	Kvittun til Eflingar. Skrá bankauppl. og símanúmer
Heilsuefning (líkamsrækt)	12.000,-	Hám. 50%	1x á hverjum 12 mán.	6 mán. samfelld greiðsla	Frumrit af kvittun og ljósrit af síðasta launaseðli
Gleraugnastyrkur	10.000,-	Hám. 50%			
Námskeið til að hætta reykingum	10.000,-	Hám. 100%			
Krabbameinsskoðun framhaldsskoðun	5.000,-	Hám. 100%			
Hjartavernd - áhættumat	6.500,-	Hám. 100%			
Sjúkra og endurhæfing (sjúkrahjálfun, sjúkranudd, heilsunudd, iðjuþjálfun, talþjálfun og kírópraktor)	1.500,-	Hám. 75%	25x á hverjum 12 mán.		
Dvöl á Heilsustofnun í Hveragerði	1.500,- á dag	Hám. 50%	42 d.á hverjum 12 mán.		
Viðtalsmeðferð (sálfræði, geðhjúkrun, félags - og fjölskylduráðgjafi)	3.000,-	Hám. 50%	15x á hverjum 12 mán.		
Viðtalsmeðferð SÁÁ/Matarfíkn MFM	500,-	Hám. 50%	25x á hverjum 12 mán.		
Greining lesblindu	15.000,-	Hám. 50%	1x		
Göngugreining (greiningin sjálf)	3.500,-	Hám. 100%	1x		
Heyrnartækjastyrkur	25.000,-			6 mánaða samfelld greiðsla og kostnaður yfir 50.000,-	Ljósrit af kvittun og síðasta launaseðli
Laser augnaðgerð	25.000,-		2x (einu sinni per auga)	6 mánaða samfelld greiðsla og kostnaður yfir 100.000,-	
Glasa og tækniþróvgun	50.000,-		2x	6 mánaða samfelld greiðsla og kostnaður yfir 100.000,-	
Ættleiðing erlendis	100.000,-		1x	6 mánaða samfelld greiðsla og kostnaður yfir 300.000,-	



Fyrirmyndarstarfsmaður í 50 ár

Alltaf gaman að mæta í vinnuna

-segir Óskar Ágústsson

Ég kynntist störfum öskukarla á barnsaldri þegar ég fór með föður mínum Ágústi Sigurðssyni í vinnuna og fékk að sitja í öskubílnum og fylgjast með þeim losa. Ruslið var brennt í bala sem þeir sóttu og hvolfdu úr á bílana. Síðan komu olútunnur og tveir menn báru þær á milli sín á sérstökum útbúnaði áður en trillurnar komu til sögunar. En núna er ruslinu safnað í plasttunnur á hjólum segir Óskar Ágústsson, bílstjóri og verkstjóri hjá Sorphirðunni í Reykjavík.

Óskar hefur unnið við sorphirðu í 50 ár og af því tilefni var haldið samsæti honum til heiðurs í Café Flóru í Grasagarð-

Loks var kvartað yfir og maðurinn var rekinn heim til að skipta um fót

inum og fjölmenntu samstarfsmenn hans til þess að samfagna með honum. Borgarstjórinn í Reykjavík, Ólafur F. Magnússon, afhenti Óskari sérstaka viðurkenningu fyrir störf sín og sagði borgarstjóri m.a. frá því að Óskar hefði byrjað að vinna hjá Sorphirðunni árið 1958 og fljótlega orðið bílstjóri á Fordbíl árgærd 1942. Bíllinn tók svo lítið í einu að losa varð hann á klukkustundafresti. Óskar hefði alla tíð verið fyrirmyndarstarfsmað-

ur hjá Reykjavíkurborg og aðeins væru skráðir átta veikindadagar á hann á 50 ára tímabili og þar af tveir á þessari öld.

Samstarfsmennirnir bera Óskari vel söguna og hafa látið hafa eftir sér að hann tuði stundum í þeim en hann er góður kall og fer vel á með samstarfsmönnum. Óskari bærust margar gjafir og afhenti Guðmundur Þ Jónsson, varaformaður Eflingar honum gjöf og sagði að Óskar ætti að baki félagsaðild í Verkamannafélaginu Dagsbrún og Eflingu í hálfa öld og hann efaðist um að margir einstaklingar hafi náð þeim árangri á einum vinnustað og sama stéttarfélagi.



Glæsilegur!

Aðspurður segist Óskar vakna daglega klukkan tuttugu mínútur yfir fimm og mæta í vinnuna klukkan sex. Hálf tíma síðar sækir hann mannskapinn og við höldum uppí Breiðholt og fyllum bílinn af heimilissorpi. Klukkan tíu keyrir ég mannskapnum í bækistöðina á Stórhöfða til að fá sér næringu og svo bætist ég í hópinn eftir að hafa losað bílinn í Gufunesi. Snemma á sjöunda áratugnum sótti hann sorp í Árbæinn og þá var þar aðeins að finna eitt og eitt býli. En núna hef ég umsjón með Breiðholtinu ásamt vini mínum Þórólfi Þorleifssyni sem hélt uppá fimmtíu ára starfsafmæli í fyrra. Þegar Óskar er spurður hvort að hann sé ekki orðinn leiður á starfinu eftir hálfa öld, segir hann að sér hafi alltaf þótt gaman að mæta í vinnuna og góður mannskapur sem hann hafi unnið með í gegnum árin eigi stóran þátt í því.

Á sundskýlu

Svo er alltaf eitthvað óvænt að koma uppá, segir hann og rifjar upp sögu úr vinnunni. Við vorum að sækja rusl á Miklubraut sem þá var ekki búið að malbika. Veðrið var mjög gott og einn í hópnum mætti í sundskýlu og striga-skóm einum fata í vinnuna. Þetta vakti mikla athygli ökumanna og myndaðist umferðarhnútur um tíma. Loks var kvartað yfir honum og maðurinn var rekinn heim til að skipta um föt, sagði Óskar og brosti.

Sigríður Guðrún Jónsdóttir, eiginkona Óskars, hefur unnið hjá Reykjavíkurborg í tuttugu ár og sér m.a. um að hella uppá kaffi fyrir starfsmenn Sorphirðunnar og Framkvæmda- og eignasviðs.



Hver man eftir þessum öskubílum?

Veist þú að...?

Hvað veistu um launaviðtöl?

Veistu að ef þú ert starfandi á almennum vinnumarkaði þá átt þú rétt á viðtali við yfirmann þinn einu sinni á ári um störf þín þar með talið um frammistöðu og markmið og hugsanlegar breytingar á launum og starfskjörum þínum?

Veidiferð fjölskyldunnar

TANGAVATN

Upplýsingar og sala veiðileyfa að Galtalæk II, sími 861 6528.



Gisting í smáhýsum

Opið flesta daga ársins

Ás góður vinnustaður



Þegar Ás tók til starfa árið 1952 voru 13 manns í heimili en nú eru þar rúmlega eitthundrað og fimmtíu manns

Það fór ekki fram hjá neinum sem fylgdist með fréttum af jarðskjálftunum í Ölfushreppi og nærliggjandi sveitafélögum fimmtudaginn 22. maí að margir þurftu að flyja heimili sín. Í þeim hópi var heimilisfólkið á Dvalarheimilinu Ási í Hveragerði. Starfsmenn heimilisins og björgunarsveitarmenn ásamt sjúkraflutningamönnum sáu um að koma fólkinu í öruggt skjól og enginn slasaðist alvarlega. Um kvöldið þegar mestu skjálftarnir voru gengnir yfir kom í ljós að óhætt var að flytja heimilisfólkið inn aftur og hefur starfsemin verið með eðlilegum hætti síðan. Hópur starfsmanna sem vinna í Ási og eru félagsmenn í Boðanum, sem mun sameinast Eflingu stéttarfélagi um áramótin, tóku þátt í aðgerðunum. Við brugðum okkur yfir Hellið og hittum nokkra félaga okkar sem vinna við aðhlyningu og fleiri störf á dvalarheimilinu.

Ás er frábær vinnustaður

Hlustaði á sekkjapípuleikara í öllum herklæðum

-segir Sigríður Aðalbergsdóttir

Fyrst á vegi okkar var Sigríður Aðalbergsdóttir, trúnaðarmaður og starfsmaður í eldhúsinu. Hún hefur unnið á Ási í tíu ár og henni hefur líkað mjög vel við starfið allan tímann.

Ég flutti til Hveragerðis fyrir tíu árum og byrjaði strax að vinna hér í afleysingum og var svo fastráðin, segir hún. Vinnutíminn er frá klukkan átta til fjögur síðdegis á virkum dögum og aðra hvora helgi og vinnudagurinn hefst með undirbúningi á morgunverði fyrir heimilisfólkið.

Kukkan hálf tíu kemur starfsfólkið í kaffi og þegar því lýkur fer allt á fulla ferð við að undirbúa hádegismat. Við eldum fyrir um eitthundrað og átta tíu manns og sendum líka mat heim til eldri borgara sé þess óskað. Að því loknu hefst undirbúningur fyrir kvöldmatinn og klukkan fimm tekur næsta vakt við og klárar verkið. Aðspurð um aðbúnað og aðstöðu fyrir starfsmennina segir Sigríður að hún sé mjög góð. Við höfum aðgang að búningsherbergi og læstum skápum og baðaðstöðu. Þá fáum við vinnufatnað og höfum aðgang að mótuneytinu. Starfsaldur er yfirleitt

langur og það er vegna þess að Ás er góður vinnustaður.

Svo erum við með starfsmannafélag sem skipuleggur ýmsar upptökur. Síðastliðið haust fórum við til Glasgow og gistum í tvær nætur í gömlum kastala og héldum árshátíð í glæsilegum veislusal og hlustuðum á sekkjapípuleikara í öllum herklæðum og það var alveg frábært. Þá eru farnar óvissuferðir

og haldnar grillveislur og fleira sem til fellur.

Sigríður tók við starfi trúnaðarmanns fyrir tveimur árum. Hún segir að lítið hafi reynt á starfið. Ég fæ aðallega fyrirsögnir og það hefur ekki verið neitt vandamál að fá svör við þeim. Enda hefur samstarfið við yfirmennina og rekstraraðilann gengið mjög vel.



Sigríður Aðalbergsdóttir í Býtibúrinu



Ólög Ingibergsdóttir aðstoðar vinkonu sína Sólveigu María Björnsdóttur

Góður starfsandi

-segir Ólög Ingibergsdóttir

Ólög Ingibergsdóttir vinnur í Býti-búrinu og sér m.a. um að undirbúa mötuneytið áður en matartímar og kaffitímar hefjast. Þegar matargestirnir koma í salinn fá þeir veitingarnar á borðin og svo þarf að vaska upp og

ganga frá segir hún.

Hún segir að starfsandinn sé mjög góður og taki öllu fram sem hún hafi áður kynnst. Launin mættu vera betri, segir hún og ég vona að það verði niðurstað-

an í nýgerðum kjarasamningi. Þau verða að koma til móts við verðhækkarnir sem hafa dunið á okkur undanfarna mánuði segir hún enn fremur.

Aðspurð segist Ólög hafa verið í vinnunni þegar jarðskjálftinn kom. Ég var stödd á neðri hæðinni og var að klæða mig í yfirhöfn þegar gólfíð byrjaði að titra og svo kom gríðarlega mikill högg. Ég hljóp uppá efri hæðina og lét vita í afgreiðslunni að ég yrði að fara og leita að börnunum mínum. Ég vissi að dóttir mín var heima en sonur minn var að leika sér í ánni stutt frá dvalarheimilinu. Ég fann þau strax og kom þeim í öruggt skjól hjá systur minni og núna eru þau hjá foreldrum mínum á Akranesi. Þegar ég kom aftur í vinnuna sá ég að heimilisfólkið var komið út á götu og starfsfólkið var að aðstoða það á allan hátt. Ég fór strax að hjálpa til við að breiða teppi yfir fólk og hella uppá kaffi og annað sem til féll og jörðin skalf nánast stanslaust undir fótum okkar. Seinna um kvöldið kom tilkynning um að óhætt væri að flytja heimilisfólkið aftur inná herbergin. Þegar því lauk fór ég heim og byrjaði að taka til en sem betur fer varð ég ekki fyrir miklu tjóni við fyrstu sýn, sagði Ólög að lokum.

Rut Sigurgrímsdóttir

Gaman að vinna

Rut Sigurgrímsdóttir vinnur við aðhlynningu. Hún segist vera mjög ánægð með vinnunna og sér þyki mjög gaman að vinna með heimilisfólkinu og samstarfsfólki.

Aðspurð um launin segir Rut að þau séu skammarlega léleg og mér skilst að nýr kjarasamningur sem verður kynntur í húsnaði Boðans á eftir sé ekki neitt til þess að hrópa húrra fyrir, segir hún. Verðbólgan sem gengið hefur yfir þjóðina að undanförmu, mun halda áfram á næstu mánuðum og tuttuguþúsund krónur sem mér skilst að við eigum að fá núna eru löngu horfnar út í buskann, segir hún.

Aðspurð um hvar hún hafi verið stödd þegar jarðskjálftinn kom, segist Rut hafa verið í bílnum og skyndilega hafi



Rut Sigurgrímsdóttir spjallar við Guðbjörgu Egilsdóttur

jörðin lyfst og skolfið með þeim afleiðingum að hún missti stjórn á bílnum. En fljótlega náð stjórn á honum aftur og stöðvaði og það sama gerðu aðrir bílstjórar einnig. Þegar ég kom heim

var allt í rúst og sprungur í húsinu en það var dæmt íbúðarhæft en ég er samt ekki alveg örugg með mig, sagði Rut og brosti.

Vel sóttur kynningarfundur



Dagný Sigurmundardóttir fylgist með á fundinum og hekunálin lék fimlega í höndum hennar

Á sama tíma og við vorum á ferð í Hveragerði var haldinn fundur með félagsmönnum Boðans sem vinna á Ási um nýjan kjarasamning. Sigurrós Kristinsdóttir, varaformaður Eflingar og Harpa Ólafsdóttir, hagfræðingur sáu um að kynna samninginn og var fundurinn mjög vel sóttur.

Dagný Sigurmundardóttir, ráðskona í Ási var í hópi fundarmanna og einsog sjá má á myndinni hafði hún komið sér vel fyrir með heklunál og barnateppi sem hún var að hekla. Aðspurð sagðist Dagný alltaf mæta á fundi með handavinnu og núna væri ungbarnateppi á heklunálinni handa sjö mánaða ömmustrák. Ég byrjaði á þessu þegar ég var unglingur og hef heklað rúmteppi og þrjónað peysur og allt mögulegt, sagði Dagný og brosti.

Fyrirvaralaus uppsögn

Hafið samband samdægurs!

Það skal enn og aftur ítrekað að starfsmaður sem er rekinn úr starfi eða sagt upp að hann geri þegar í stað kröfu um að fá afhent uppsagnarbréf.

Þeir starfsmenn sem sagt er upp eiga að hafa samband við félagið strax sama dag annars eru þeir sennilega að tapa launum í uppsagnarfresti.



Takk fyrir að þiggja
Heimboð í Hafnarfjörð
dagana 29. maí - 2. júní
Velkomin aftur!



ÞÚ KEMST ÞANGAÐ MEÐ OKKUR!

SKEMMTILEGAR SUMARFERÐIR Í ÞÓRSMÖRK



SUMARFERÐIR Í ÞÓRSMÖRK

Ferðir fyrir Íslendinga
í einstaka náttúruparadís

**Þórsmörk er ein af fegurstu náttúruperlum
Íslands umlukin fjöllum, jöklum og jökulám.
Skógi vaxið landsvæðið býður upp á
einstaka veðursæld.**

Hoppaðu upp í næstu rútu Kynniferða og skelltu þér
í ógleymanlega ævintýraferð í Þórsmörk. Upplýsingar um
brottfararstaði og tíma má finna á www.re.is. Á vegum
Kynniferða eru áætlunar- og hópferðir í Þórsmörk.
Auk þess bjóða Kynniferðir upp á leiðsögn, gistingu,
léttar veitingar og veislubjónustu. Skildu bílinn eftir
og komdu með okkur í Þórsmörk.

Ferðir daglega 15/6-14/9
Hópferðir eftir pöntunum



Frábær gistaðstaða og þjónusta í Húsadal í Þórsmörk.



Kynniferðir



Fjöldi fólks tók þátt í Glitnismarapöni í Kaupmannahöfn í maí

Margt skemmtilegt að gera í Kaupmannahöfn

Máttu missa af þessu?

Orlofsíbúðir Eflingar í Kaupmannahöfn hafa svo sannarlega slegið í gegn. Segja má að fullbókað sé alla daga ársins í þessar stórglæsilegu íbúðir sem allar eru staðsettar á frábærum stöðum í göngufæri við miðborg Kaupmannahafnar.

Svo mikil hefur aðsóknin reynst að á þessu ári bætir Efling við fjórðu íbúðinni fyrir haustið. Hún er staðsett á Íslandsbryggju, rétt við Langebro og heitir gatan Weidekampsgade 21.

Hinar íbúðirnar eru staðsettar við Johan Sempis Gade 7 í Kristianshavn, Ravensborggade 14 á Norðurbrú og Hans Hedtoftsgade 5 á Íslandsbryggju.

Danir hafa upp á ótrúlega skemmtilega kosti að bjóða þegar kemur að afþreyingu í Kaupmannahöfn eða næsta nágrenni.



Dýragarðurinn

Gaman gaman í Tívoliinu

Tívolið, gaman, gaman, rússíbanar,

bátar, víkingaskip, ævintýraheimur fyrir alla aldurshópa. Ef þig langar í ennþá stærri rússíbana þá geturðu ekki sleppt Dyrehavsbakken rétt fyrir utan Kaupmannahöfn.



Louisiana safnið

Dýragarðurinn er einstök upplifun

Dýragarðurinn stendur alltaf fyrir sínu. Nýtt og glæsilegt filahús opnar í júní. Hvernig skyldu þeir fíla sig þar!

Sjáðu Out of Africa í nýju ljósi!

Karen Blixen safnið, sem myndin Out of Afrika byggir á í dagbókum Karenar Blixen um dvöl hennar í Kenya. Hægt er að heimsækja heimili hennar sem er forvitnilegt safn staðsett í Ringstedlund um 25 km norður af Kaupmannahöfn. Farið er með lest til Rungsted Kyst, þaðan er um 15-20 mínútna ganga (merkt leið) eða með strætó no. 388 frá járnbrautarstöðinni. Ópið frá 10 til 17 nema mánudaga er lokað.

Allt um kóngafólkið

Allt um konungsdæmin í Rosenborgarkastalanum, ekta kastali með stórum sölum, kórónur, búningar, vopn og fleira sem áhugavert er að skoða. Meira um kóngafólkið, allir verða að sjá varðaskiptin við Amalienhöllina sem er daglega á hádegi.

Að drekka í sig sögu bjórsins

Fyrir bjórunnendur er safn Carlsberg ölgerðarinnar við Gamle Carlsberg vej staður sem vert er að skoða. Hér er hægt að drekka í sig alla sögu bjórgerðar í Danmörku og fá sér svo drykk í lokin. Ópið frá 10-16, lokað á mánudögum.

Louisiana í Danmörku

Louisiana nútímalistasafnið er stórskemmtilegt að skoða. Þetta fallega safn við sjávarsíðuna, rétt fyrir norðan Kaupmannahöfn, er ferðarinnar virði bara ef þú nærð einum kaffibolla í garðinum fyrir utan. Ópið frá 10 til 17 alla daga vikunnar, nema miðvikudaga frá 10-22.

Ekki missa af gönguferð um Íslendingaslóðir


Gönguferðir um Íslendingaslóðir undir leiðsögn Guðlaugs Arasonar rithöfundar frá 30. apríl til 1. október. Mæting: Á Ráðhúströppunum, Ráðhústorgi. Sunnudagar kl. 13.00 - 15.30 og miðvikudagar kl.: 13.00 - 15.00. Stórskemmtilegar ferðir.



Frá Nýhöfn

Hoppaðu um borð

Enginn má missa af því að sigla um á opnum báti um gamlar og nýjar slóðir Kaupmannahafnar. Ferðin hefst við Nýhöfn og leiðsögumaður er um borð. Hægt er að velja um styttri eða lengri leiðir.



Búrfellsstöð

Sýning á starfi og verkum myndhöggvarans Sigurjóns Ólafssonar í tilefni af því að hann hefði orðið 100 ára á árinu. Lágmyndin á Búrfellsstöð er verk Sigurjóns og er stærsta lágmynd á Íslandi.

Sýningin er opin alla eftirmiðdaga í sumar frá 14. júní.

Kynnið ykkur raforkuframleiðslu og sjáið einnig skemmtilegar sýningar í Blöndustöð, Kröflustöð, Laxárstöð, Ljósafofssstöð við Sog og Gestastofu Fljótsdalsstöðvar í Végarði.

Stöðvar Landsvirkjunar eru opnar **alla eftirmiðdaga í sumar**.

Végarður er opin frá kl. 9-17 alla daga vikunnar.

Heimsókn til Landsvirkjunar er ókeypis.

Nánari upplýsingar um opnunartíma og sýningar í stöðvum eru á www.landsvirkjun.is og í síma 515 9000.

Viðhorf

Sameining Boðans og Eflingar

Nú er um hálf tveimur árum til Verkalýðsfélagið Boðinn og Efling-stéttarfélag sameinast. Félögin hafa í vetur og vor unnið alla kjarasamninga saman og nú nýlega hafa þau gert samkomulag um frekara sam-

starf fram að sameiningu þeirra. Fréttablað Eflingar kom við á félagssvæði Boðans á dögnum og ræddi þar við félagsfólk og forystumenn í Þorlákshöfn og Hveragerði um mannlífið, kjaramálin, sameininguna

og ræddi m.a. við fólk sem þekkir fyrri sameiningar stéttarfélaganna í Reykjavík. Það er forvitnilegt að sjá þessi viðhorf sem fara hér á eftir.



Pálmi Ragnarsson, sjómaður

Líst vel á stærra og öflugra félag

Við áformaða sameiningu Eflingar-stéttarfélags og Verkalýðs- og sjómannafélagsins Boðans hefur það í för með sér að inn í Eflingu koma sjómenn í Boðanum og er þetta í fyrsta sinn sem hópur sjómanna kemur inn í almennu stéttarfélögin á höfuðborgarsvæðinu innan ASÍ. Við höfðum að þessu tilefni samband við Pálma Ragnarsson, sjómann sem býr á Selfossi og er á bátnum Ársæli sem rær frá Þorlákshöfn. Hann sagði að sér litist mjög vel á sameiningu Eflingar og Boðans. Okkur líst mjög vel á að sameinast í stærra og öflugra félag, segir hann.

Ársæll er á humarveiðum á þessum tíma og sagði Pálmi að það væri merkilegt með þorskin að hann væri vaðandi um allan sjó. Við höfum verið við Eldey að

undanförnu en þurftum að flýja undan þorskinum og það er mjög algengt með humarbátana að þeir eru að hreyfa sig til undan þorskinum, sagði hann. Það er svolítið sérkennilegt að það er allt vaðandi í þorski þrátt fyrir fullyrðingar fiskifræðinganna um að við eigum að fara varlega í þorskstofninn. Stöðugt umræðuefni er meðal sjómanna

Allt vaðandi í þorski um allan sjó

hvernig geti staðið á því að á sama tíma og þarf að skera niður þorskveiðarnar, þá sé þorskur um allan sjó.

Pálmi er ánægður með sameininguna við Eflingu. Við hljótum að vera ánægð

með að sameinast og búa til stærra og öflugra félag, segir hann. Með þessu fá sjómenn hér af svæðinu tækifæri til að gera sig gildandi á nýjum vettvangi í öflugra félagi.

Enginn bilbugur á okkur

Pálmi segir að það sé enginn bilbugur á mönnum í Árborg eftir jarðskjálftana. Hann var úti á túni heima hjá sér á Selfossi þegar hann fann skjálftann koma og það lyftist húsið með öllu sem í því var og hávaðinn var óskaplegur, segir hann, þegar það skall niður með miklum hveli. Sem betur fer hafi ekki orðið miklar skemmdir hjá þeim miðað við ýmsa aðra en lífið haldi áfram eftir þetta. Við sluppum vel og það er enginn bilbugur á okkur hér.

Jóna Sigríður Gestsdóttir

Fólk ánægt með að skrifstofan verði áfram



Jú, það er mjög góður hugur hér á svæðinu til sameiningar Eflingar og Boðans, segir Jóna Sigríður Gestsdóttir, sem heldur utan um starfsemi Boðans á skrifstofunni í Hveragerði. Ég held ég megi segja að fólk sé bara spennt fyrir þessari breytingu. Mér finnst það koma fram að fólk er sérstaklega ánægt með að skrifstofan verður áfram hér á svæðinu. Það hefur hrifið fólk með í þessu að við höldum okkar starfsemi hér á svæðinu en tengjumst síðan öfluglu starfi Eflingar. Fólk er alltaf hrætt við að týnast þegar það tengist inn í stærra umhverfi, segir hún. Einnig er mikið spurt um lífeyrissjóðinn og þar er fólk mjög ánægt með að fá að ráða

Maður hefur alltaf talið jörðina sem við búum á nokkuð örugga og ekki kippt sér upp við jarðskjálftana hingað til en þetta er bara öðruvísi núna

því sjálf hvort það heldur óbreyttri lífeyrisaðild eða gengur í annan lífeyrissjóð. Það skiptir miklu máli að fólk fái það ekki á tilfinninguna að það séu tekin af því öll ráð þó að það sé að ganga til sameiningar við stærri aðila, segir hún.

En það er víðar skjálftavirkni en í verkalyðshreyfingunni og við notum tækifærið og spyrjum Jónu hvernig hún hafi tekist á við jarðskjálftana á Suðurlandi. Jóna býr í fjögurra hæða blokk á Selfossi.

Margir sofa ekki vel

Jú, maður reynir nú að bera sig vel við þessa atburði, segir hún. Ég er búin að upplifa hér í Hveragerði fjölda jarðskjálfta og aldrei verið hrædd en maður finnur það núna að þetta er miklu meiri atburður. Maður hefur alltaf talið jörðina sem við búum á nokkuð örugga og ekki kippt sér upp við jarðskjálftana hingað til en þetta er bara öðruvísi núna. Það var engin aðvörun, engir smáskjálftar og engar drunur sem við fundum, bara þessi gríðarlegu högg. Þó að ég hafi ekki þurft áfallahjálp, held ég að mér líði eins og mörgum öðrum að maður finnur vel fyrir andlega álaginu. Ég hef notað þá aðferð fyrir sjálfa mig að tala bara um þetta. Það var líka margt samverkandi sem hafði mikil áhrif á mann. Sprungurnar á þjóðveginum sem stækkuðu og nýjar komu sama daginn og jarðskjálftinn á nokkrum klukkutímum. Síðan halda þessir eftirskjálftar áfram og margir eru ekki að sofa allt of vel núna.

Allt hrundi

Ég var inni í eldhúsi Boðans og þar hrundi allt yfir mig, glös, bollar og diskar. Þetta var það mikill skjálfti og erfiðtt að ganga út úr eldhúsinu bæði vegna glerbrotanna og skjálftans. Ég hékk bara eiginlega við ísskápinn meðan á þessum látum öllum stóð. Þegar ég kom svo aftur hingað og sá skemmdirnar, þá fékk ég dálitla ónotatilfinningu. Það var mikið lán að veðrið var gott og þetta skeði að degi til, enginn slasaðist alvarlega og enginn lést í þessum hamförum, segir hún. Bæði heima hjá mér og á skrifstofu Boðans var bara um eignatjón að ræða sem hægt er að bæta. Þetta hefði getað farið mikið ver. Tækin hér á skrifstofu Boðans skemmdust ekkert.

Ég held að margir séu með svolíttinn hnút í maganum eftir þessar hamfarir vegna þess að fólk veit að þetta hefði getað farið svo miklu ver, segir Jóna að lokum.



Fólk ánægðara með styttri samningstíma

-segir Rannveig Gunnlaugsdóttir

Rannveig Gunnlaugsdóttir býr í Þorlákshöfn og sat um árabil í stjórn Eflingar eða frá stofnun félagsins og þar áður var hún stjórnarmaður í Starfsmannafélaginu Sókn. Rannveig var ein af þeim sem gekk í gegnum sameiningu félaganna í Eflingu á sínum tíma og það liggur beinast við að spyrja hana hvernig henni lítist á að Efling er nú að sameinast Boðanum og við það kemur núverandi heimabær hennar, Þorlákshöfn, inn í sameiginlegt félagssvæði Eflingar um áramótin.

Ætli mér lítist ekki bara vel á það, segir Rannveig. Til gamans segi ég nú bara að Efling hlaut auðvitað að fylgja mér hingað austur en er þetta ekki bara þróunin sem liggur í atvinnulífinu. Stéttarfélögin eru að stækka og fólkið sækir í félögin sem hafa öflugri sjóði og sterkari stöðu til að takast á við atvinnurekendur. Það sem þarf bara að passa upp á er að halda tengslunum við félagsmennina. Það er aðalatriðið og þar tekst vel til í sumum

Ég vinn á mjög góðum vinnustað á Hrafnistu með finum vinnufélögum og góðum deildarstjóra

minni stéttarfélögum.

Vinna í Reykjavík en búa í Þorlákshöfn

En hvernig er að búa í Höfninni og vinna í Reykjavík? Það er mjög fínt að búa hér í Þorlákshöfn og sækja vinnu til Reykjavíkur, segir Rannveig. Hún er með herbergi í borginni og tekur aldrei neina áhættu með veður. Hún leggur snemma morguns af stað til Hrafnistu þar sem hún starfar og nýtur þess að keyra í morgunbirtunni nú í sumar. Hún fer heim svona upp úr fjögur og það er oft erfitt vegna þungaflutninganna. Annar vandi er bensínverðið sem er orðið allt of hátt. Segist reyndar vera mest undrandi á því hvað það er mikil

umferð á heiðinni. Mest er yfir sumartímann. Svo dregur úr því þegar skólarnir fara af stað á haustin.

Góður vinnustaður heldur í mann


Rannveig er í dag mjög ánægð á vinnustaðnum Hrafnistu í Reykjavík. Það sem heldur í mig er að ég vinn á mjög góðum vinnustað á Hrafnistu með finum vinnufélögum og góðum deildarstjóra. Andrúmsloftið er afskaplega fínt á mínum gangi, segir hún.

Einbeita okkur að þeim sem eru hér þegar kreppir að

En hvað vill hún segja um kjaramálin og stöðu þeirra. Starfsfólk á Hrafnistu stóð í fararbroddi fyrir nokkrum misserum, þegar mikil umræða var á hjúkrunarheimilunum vegna lágra launa og mikils vinnuálags. Staðan er ekki nógu góð, segir Rannveig. Mér finnst nú eins og mörgum öðrum Íslendingum að þegar þrengir að okkur hér í atvinnumálunum, þá eigum við að hugsa fyrst til þeirra sem búa hér og eru komnir hingað til lands í atvinnu, sumir með ríkisborgararétt en slaka frekar á í innflutningi á nýju fólki við þessar aðstæður. Við eigum að snúa okkar meira að okkur sjálfum núna, hef skilning á því að við verðum að hjálpa útlendingum. Einnig verðum við að hugsa um þá útlendinga sem eru komnir með ríkisborgararétt og hafa verið hér árum saman og unnið sér ákveðinn þegn rétt. Ég vinn með mörgum útlendingum sem hafa verið hér lengi og mér finnst þetta fólk hafa áunnið sér rétt til að halda vinnunni. En svo er hitt að margir Íslendingar vilja margir ekkert vinna þau störf sem útlendingar taka.

Fólk ánægðara með krónutöluna

Annars er mikið talað um kjaramálin. Fólk er ánægðara með krónutöluna sem er í umræðunni núna en prósentutölur. Mér finnst ekki eins mikil ölga eins og verið hefur stundum áður. Fólk er líka greinilega ánægðara með stuttan samningstíma. Hitt var allt of mikil áhætta. Að semja til langs tíma í svona ástandi hefur í för með sér allt of mikla áhættu. Af hverju eigum við almenningur alltaf að taka áhættuna. Ráðamenn þjóðarinnar mættu nú lækka launin sín örlítið þegar á móti blæs. Það hafa verið fréttir af því undanfarið að launafólk er alla ævi að vinna fyrir árslaunum bankastjóra. Auðvitað á fólk ekki að geta skapað sér svona forréttindastöðu, segir Rannveig að lokum.



Pórður Ólafsson, formaður Boðans

Ný störf byggjast á að við fáum að virkja

Það er mikill uppgangur hjá okkur í atvinnumálum en flest byggist það á því að orka fáiast á Suðurlandi til að standa að uppbyggingu atvinnunnar hjá okkur, segir Pórður Ólafsson, formaður Boðans í samtali við Eflingarblaðið. Bæði er um að ræða vatnsframleiðsluna og síðan má nefna alveg nýja framleiðslustarfsemi sem er áformuð kísilflöguverksmiðja til að framleiða sólarrafhlöður. Ég er þess vegna mikill stuðningsmaður þess að fá að virkja á Hellisheiðinni og annars staðar á Suðurlandi til að mæta vaxandi orkubörf til að geta

haft næga atvinnu á svæðinu fyrir launafólk. Ég held ég tali fyrir munn mjög margra hér á svæðinu þegar ég lýsi þessum skoðunum, segir hann.

Hefðbundin störf bæði í landbúnaðar- og sjávarútvegi eru að dragast saman. Það er allt annað ástand t.d. í Ölfusi en áður var þar sem mörg fjár- og kúabú voru á svæðinu. Vinnumarkaðurinn hefur gerbreyst á tíu til tuttugu árum. Sauðfjárbúskapur er hverfandi og sama má segja um mjólkurframleiðsluna. Í garðyrkjunni er talsverður samdráttur því verktakar hafa keypt upp garðyrkjustöðvar til að byggja íbúðarhús. Það finnst mér að mestu leyti neikvæð þróun því garðyrkjustörf eru hluti af fjölbreyttu atvinnulífi sem þarf að vera á svæðinu. Það þarf þá önnur atvinnu-

starfsemi að koma í staðinn.

Garðyrkjan á sér framtíð

Það er líka talsverð öfugþróun að draga saman í garðyrkjunni því margt bendir til að þessi grein eigi sér mikla framtíð þar sem lífræn ræktun er að skila miklum arði víða um lönd. Hér er mjög ákjósanlegt svæði til ylrækar með ódýrri orku og öllu sem til þarf til að gera þessa atvinnusköpun auðveld. Hér er þekking fyrir hendi, skólastarf og mikil og dýrmæt reynsla á svæðinu sem ég tel að við eigum ekki að láta fara förgörðum. Það er vaxandi þörf fyrir þessar afurðir bæði innanlands og utan og öfugmæli að draga saman í þessari grein þegar mjög góðar líkur eru á sölu þessara afurða og mér finnst þróunin mikið áhyggjuefni. Það sjáum við líka vel þegar samdráttur verður í byggingariðnaðinum að það er ekki gott að hafa öll egginn í sömu körfunni, segir Pórður.

Mikil og óþörf skerðing á þorsk- kvótanum

Mikil skerðing á þorskkvótanum hefur mjög slæm áhrif á stöðuna hjá okkur. Skerðingin er langt umfram þar sem allt er bullandi í þorski og ég held að fiskifræðingarnir séu ekki að meta þetta rétt því humarbátarnir hafa verið í vandræðum og það á við um flestar veiðar þar sem verið er að reyna að veiða aðrar tegundir, að þorskurinn er allsstaðar.

Umönnunarstörfin mikilvæg

Svo megum við ekki gleyma umönnunarstörfunum hér á félagssvæðinu. Þau eru mjög mikilvæg. Þar er bæði um að ræða Heilsustofnunina og Dvalarheimilin sem eru á svæðinu. Hér er líka fjöldi annarra fyrirtækja svo sem Kjörís sem hefur verið burðarás á sínu sviði með stöðugu og góðu starfslíði og þessi iðnaður á mikla framtíð fyrir sér.

Sameiningin mikil lyftistöng

Aðspurður segir Pórður að hann telji að sameining Eflingar og Boðans verði mikil lyftistöng fyrir svæðin. Ég tel það mjög mikinn feng fyrir sjómennina í Boðanum að verða hluti af sterku félagi eins og Eflingu og þegar sameiningin verður endanleg um áramótin þá sé ég fyrir mér að sjómenn eigi að gera sig gildandi innan Eflingar með því að efla stöðu sína sem hóps og styrkja þannig stöðu sína innan samtaka launafólks á höfuðborgarsvæðinu, sagði hann að lokum.

Sjómenn eigi að gera sig gildandi innan Eflingar

Viðarvörn nr. 1 á Íslandi



Notaðu sumarið til að verja viðinn!

Verið viðbúin vetrarhörkum

Þeir sem til þekkja nota Kjörvara á allt tréverk utanhúss. Reynslan hefur sýnt að Kjörvari er viðarvörn sem er gædd einstökum eiginleikum fyrir íslenskt veðurfar.

Kjörvari - fyrir íslenskar aðstæður

málning
-það segir sig sjálft-

Útsölustaðir Málningar: BYKO Kópavogi • BYKO Granda • Litaver Grensásvegi • BYKO Kaupún • BYKO Akranesi • Axel Þórarinnsson, málameistari, Borgarnesi • Verslunin Hamrar, Grundarfirði • Litabúðin Ólafsvík • Núpur byggingavöruverslun Ísafirði • Vilhelm Guðbjartsson, málameistari, Hvammstanga • Verslunin Eyri, Sauðárkróki • BYKO Akureyri • Verslunin Valberg, Ólafsfirði • BYKO Reyðarfirði • Verslunin Vík, Neskaupstað • BYKO Selfossi • Miðstöðin Vestmannaeyjum • BYKO Keflavík • Öxull, Grindavík • Fóðurblandan á Selfossi, Hvalsveili og Egilsstöðum



Stéttarfélög eiga að halda áfram að sameinast

- segir Sigurlaug Gröndal

Afskipti mín af verkalyðsmálum hófst þegar ég var kosin trúnaðarmaður á leikskóla 1991. Fljótlega var ég komin í stjórn leikskóladeildar Sóknar. Þetta var mjög öflugur hópur sem stóð vörð um hagsmuni leikskóla-starfsmanna. Á þessum tíma var ég einnig kosin í stjórn Sóknar og var þar um tíma ritari félagsins. Í júlí 1993 hóf ég störf á skrifstofu Sóknar sem þjónustufulltrúi. Skömmu síðar var ég einnig í Úthlutunarnefnd atvinnuleysisbóta og sá um afgreiðslu atvinnuleysisbóta fyrir félagsmenn. Þetta segir Sigurlaug Gröndal sem vann um árabíl á Eflingu-stéttarfélagi en venti svo sínu kvæði í kross og einbeittir sér að kennslustörfum hjá Mími-símenntun. Á sama tíma flutti hún til Þorlákshafnar þar sem hún er nú búsett. Sigurlaug eða Silla eins og hún er jafnan kölluð var vinsæll starfsmaður hjá stéttarfélögum og margir sem leitað hafa til hennar, tala enn um það hvað hún var hjálpsöm og dugleg við að aðstoða fólk með þau margvíslegu mál sem reka á fjörunnar á skrifstofum félaganna.

Þetta er gott samfélag í Þorlákshöfn

Mitt sérsvið ef svo má segja voru mál-efni starfsmanna á leikskólum og á umönnunarstofnunum og þar á meðal það sem sneri að vaktavinnu og vaktavinnukerfum á heilbrigðisstofnunum. Einnig hafði ég setu í námskeiðsnefndum sem unnu að því að skipuleggja og bæta við menntun félagsmanna. Fólk brást mjög misjafnlega við sameiningu félaganna, segir Sigurlaug. Sumir voru uggandi um hag sinn, aðrir urðu reiðir og jafnvel hótuðu að segja sig úr félaginu og enn aðrir sem voru mjög ánægðir með þessa breytingu og höfðu ákveðna framtíðarsýn varðandi félagið. Hjá Eflingu starfaði ég sem þjónustufulltrúi og þjónustaði aðallega félagsmenn í þeim starfsgreinum sem heyrðu undir Sókn áður. Einnig hafði ég umsjón með skráningu trúnaðarmanna og var umsjónarmaður af félagsins hálfu varðandi trúnaðarmannanámskeiðin. Vinnumarkaðsfræðsla í framhalds-

skólum var einnig hluti af starfi mínu. Sem fyrrum trúnaðarmaður hef ég alltaf verið annt um hag trúnaðarmanna og starfa þeirra.

Gott að búa í sveitinni.....

Í byrjun árs 2006 tókum við okkur hjónin upp og flytjum austur í Þorlákshöfn. Við byggðum þar draumahúsið okkar og tókum hálfgerða „U“ beygju í búsetumálum. Maðurinn minn er húsasmiður og byggði hann það ásamt bræðrum sínum frá grunni. Það er mjög gott að búa þarna í sveitinni eins og ég kalla það. Þetta er gott samfélag í Þorlákshöfn. Ég hef nú ekki verið neitt sérstaklega mikið borgar barn í mér og var þetta kærkomin breyting. Eftir liðlega 13 ára starf hjá Sókn og Eflingu fer ég til annarra starfa fyrir austan en var reyndar þar aðeins um skamman tíma. Þann 1. febrúar 2007 hef ég störf sem verkefnastjóri hjá Mími-símenntun.

Starf trúnaðarmannsins er hugsjónastarf

Mitt aðalstarf er að skipuleggja námskeið fyrir trúnaðarmenn hjá verkalyðs-

félögum um land allt bæði hjá ASÍ og BSRB. Einnig kenni ég sjálf á þessum námskeiðum. Það er alltaf gaman að hitta trúnaðarmennina og þeir búa yfir gífurlegum krafti. Starf trúnaðarmannsins er vanmetið. Þetta er hugsjónastarf fyrst og fremst og það er ómæld vinna sem þeir leggja á sig. Það er mitt hjartans mál að efla þá og styrkja í starfi í gegnum námskeið og frekara nám. Ég hef einnig verið í þarfagreiningu og þróunarvinnu við gerð námskeiða fyrir starfshópa og er starfs- og símenntun mikilvæg hverjum starfsmanni og fjárfesting í mannauði hjá fyrirtækjum. Starfsnám er oft hvati og byrjun á námsferli sem lýkur oft með fagmenntun eða jafnvel háskólanámi. Aukið framboð fullorðinsfræðslu, starfsmenntabrautum ásamt sterkum símenntunarsjóðum stéttarfélaganna hafa skipt sköpum hjá starfsmönnum í almennum störfum og alltaf er hægt að gera betur og bæta við.

Sameining Eflingar og Boðans rökrétt

Efling og Boðinn hafa átt samstarf í gegnum árin er tengjast sameiginlegum viðsemjendum og starfsmannahópum sem einkum eru starfsmenn Grundar og Áss í Hveragerði en þetta eru systurstofnanir. Félögin voru með sameiginlega kjarasamninga vegna starfa hjá Ási og Grund. Því hefur samvinnan verið mikil og samstarf. Einnig hafa félögin með tilkomu Hellsheidavirkjunar verið með sameiginlegan flöt þar. Í Þorlákshöfn hefur Efling átt þó nokkuð af félagsmönnum og var því sameining þessara félaga rökrétt og að mínu mati eðlilegt framhald af þeirri samvinnu sem hefur verið.

Rétt ákvörðun að sameina lítil stéttarfélög

Mikil sameining á stéttarfélögum hefur átt sér stað víða um land í gegnum árin og tel ég það vera rétta ákvörðun. Það eru gerðar miklar kröfur um þjónustu á félögin og lítil félög eru vanmáttug fjárhagslega í þeim efnum. Stærri félögin gefa meiri slagkraft og fjárhagslega betri afkomu sem rennur beint til félagsmanna með aukinni þjónustu og sérhæfingu. Það hefur verið til að mynda varla auður tími hjá lögmönnum Eflingar sem eru

með fasta viðtalstíma hjá félaginu einu sinni í viku og hefur aðsókn aukist frekar en hitt. Allir sjóðir eru mun sterkari eins og sjúkrasjóður, þar sem greiðslur hækkuðu til muna og meiri stuðning var hægt að veita úr sjóðnum.

Að mínu mati eiga stéttarfélög að halda áfram að sameinast og það er hreyfingunni til trafala að vera með mörg lítil félög. Landið er lítið og í raun ætti að vera hægt að vera með eitt stórt svæða- og deildarskipt stéttarfélag á landsvísu. Það er víst langt í land með það.

Rifjum upp sameiningu stéttarfélaganna í Reykjavík

1996 störfuðu fjögur verkalýðsfélög í Skipholtinu. Það voru Starfsmannafélagið Sókn og Verkakvennafélagið Framsókn sem voru í sama húsi í Skipholti 50a, Iðja félag verksmiðjufólks í Skipholti 50c og svo Verkamannafélagið Dagsbrún í Skipholti 50d. Öll voru þessi félög að þjónusta skyld störf eða störf sem lágu saman á vinnumarkaðnum. Öll voru þau að keyra dýr tölvukerfi, rekstur á húsnæði svo og rekstur á sjóðum. Félagsmenn Sóknar voru á þessum tíma ríflega 3.800.

Sameiningarferli félaganna hefst í kjölfar sameiningar 11 lífeyrissjóða 1995 sem síðar varð Lífeyrissjóðurinn Framsýn sem nú heitir Gildi Lífeyrissjóður.

Í fyrstu sameinuðust Verkamanna-

félagið Dagsbrún og Verkakvennafélagið Framsókn og hét félagið þá Dagsbrún Framsókn. Í desember 1998 verður Efling-stéttarfélag til. Starfsmannafélagið Sókn sameinast hinum tveimur á þessum tíma ásamt Félagi starfsfólks í veitingahúsum. 1999 sameinast Iðja félag verksmiðjufólks hinum fjórum félögum. Þetta var mikill breytingatími og afar mismundandi tilfinningar sem fólk hafði til sameiningarinnar.

Félögin seldu eignir sínar í Skipholti og FSV í Ingólfsstræti. Dagsbrún átti lóð í Sætúni 1 sem hið nýja hús er byggt á. Fluttust félögin í það hús sumarið 2000. Lífeyrissjóðurinn flutti einnig í þetta nýja hús.



DVALAR- OG HJÚKRUNARHEIMILI



SFH bíður fjárheimilda

Hjúkrunarheimilin á bið

Sú staða er uppi í kjarasamningsviðræðum við Samtök fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu - SFH - að ekki er unnt að undirrita kjarasamninga við hjúkrunarheimilin þar til tryggt hefur verið að sambærilegt fé berist til fyrirtækjanna sem heyra undir SFH og það fjármagn sem fer til ríkisstofnana.

Fyrirtækin sem heyra undir SFH eru meðal annars Hrafnistuheimilin, Grund, Skógarbær, Sóltún og Sunnuhlíð og eru forsvarsmenn þeirra ekki reiðubúnir að ganga frá undirskrift samnings vegna félagsmanna Eflingar fyrr en þeir hafa tryggt sér það fé sem þeir telja að þurfi til frá ríkisvaldinu. Ganga þarf frá fjárheimildum við bæði heilbrigðis- og fjármálaráðuneytið áður en að skrifað verði undir samninga við Eflingu.

Á næstu dögum munu forsvarsmenn Eflingar samt sem áður fara á hjúkrunarheimilin og kynna þær niðurstöður sem gengið var frá gagnvart ríkinu. Það er síðan óljóst hvenær hægt er að ganga til atkvæðagreiðslu um samning-



inn og þá í framhaldinu að greiða laun samkvæmt honum ef félagsmenn samþykkja hann.

„Sundlaugin í Laugaskarði er besta sundlaug í heimi“ *

OPIÐ Í SUMAR
Virka daga 07:00-20:30
Helgar 10:00-18:30

sjáumst í sundi

*segir Steini Aðalsteins sem kemur reglulega frá Hafnarfirði til að njóta sundlaugarinnar í Laugaskarði



Spennandi dagsferðir Eflingar 30. ágúst og 6. september

Hítarvatn og Skógarströnd

Dagsferðir Eflingar – stéttarfélags hafa verið mjög vinsælar undanfarin ár. Vegna mikillar aðsóknar hefur verið boðið upp á tvær dagsetningar og er svo einnig í ár. Ferðirnar í haust verða dagana 30. ágúst og 6. september. Að þessu sinni verður farið

að Hítarvatni og um Skógarströnd. Stoppað verður í Félagsheimilinu Breiðablik og í Bjarnarhöfn. Kaffi verður drukkið á Hótel Borgarnesi á leiðinni heim.

Eins og nafnið bendir til er Hítarvatn í

Hítardal í mjög fallegu umhverfi. Vatnið er ekki í alfaraleið og þess vegna getur þetta verið nýr áfangastaður fyrir marga.

Við förum yfir Heydalinn á Skógarströndina. Fallega sveit á norðanverðu Snæfellsnesi þar sem góður leiðsögumaður getur sagt okkur frá mörgu skemmtilegu. Til baka verður farið yfir Vatnsdalsheiði eftir viðkomu í Bjarnarhöfn þar sem margt er að skoða og fróðleik að finna.

Hið vinsæla kaffihlaðborð, sem alltaf er boðið uppá í Eflingarferðum, verður á Hótel Borgarnesi.

Lagt er af stað kl. 8.15 frá Sætúni 1 og áætlað er að vera komin heim um hálf náu.

Verð kr. 3.000,-

Skráning hefst þriðjudaginn 1. júlí á skrifstofu Eflingar Sætúni 1 og í síma 510 7500.

Ferðalangar á Norðurlandi

Langar ykkur í góðan mat á ferðalaginu?

Komið við á Hótel Varmahlíð og kíkið í matarkistu Skagafjarðar.

Veitingastaðurinn opinn frá 1. júní – 31. ágúst

Gisting og góður matur fyrir alla fjölskylduna



Hótel Varmahlíð

Skagafirði ☎ 453 8170
info@hotelvarmahlid.is
www.hotelvarmahlid.is



Njóttu fríðindanna!

e-Vildarkortið færðu á sérkjörum í Gull- og Platinumpjónustu SPRON

Í **Gull-** og **Platinumpjónustu SPRON** færðu betri vexti, ýmis sérkjör og fríðindi ásamt persónulegri þjónustu og ráðgjöf.

Meðal fríðinda er e-Vildarkortið, alþjóðlega VISA-kreditkortið, þar sem þú safnar bæði Vildarpunktum Icelandair og færð endurgreiðslu í peningum.

**Vildarpunktar Icelandair
+ Endurgreiðsla í peningum**

= e-Vildarkortið

Njóttu ávinningsins – sæktu um á spron.is

Nánari upplýsingar fást í næsta útibúi SPRON, í þjónustuveri
í síma 550 1400 eða á spron.is





Gaman í félagsliðabrunni

Enginn prófskrekkur

-segir Inga Kristín Gunnarsdóttir



Það var fjölmennur hópur félagsliða sem útskrifaðist af félagsliðabrunu í Fræðslusetri Eflingar fyrir skömmu. Mikil gleði var meðal nemenda og létu þeir m.a. í ljós ánægju með

skipulagningu námsins og námsefnið. Margir höfðu orð á framhaldsnámi á fleiri sviðum sem snéru að störfum umönnunarstarfsmanna. Við ræddum við Ingu Kristínu Gunnarsdóttur


á Hjúkrunarheimilinu Eir um námið og framhaldið eftir félagsliðabruna.

Inga Kristín Gunnarsdóttir hóf störf á Hjúkrunarheimilinu Eir fyrir fjórtán árum og er í hópi nemenda sem luku náminu. Aðspurð af hverju hún ákvað að fara í félagsliðanámið segir Inga að hana hafi langað til þess að fá meiri réttindi sem viðkemur starfinu. En það var nokkuð mikið átak að fara í námið á sjötugsaldri, það er svo langt um liðið síðan ég var í skóla, segir hún.

Aðspurð segir Inga að námið hafi gengið mjög vel. Ég hélt að það yrði mér ofviða en annað kom á daginn og ég var alveg laus við prófskrekk þegar kom að prófum. Það hjálpaði til að hópurinn hafði stundað námið af samviskusemi og kennarar og nemendur hafi staðið sig mjög vel. Við fórum líka til Kaupmannahafnar og heimsóttum þrjú hjúkrunarheimili og það var bæði fróðlegt og skemmtilegt. Eitt heimilið var í einnar hæðar húsi og heimilisfólkið sem var í hjólastól gat ekið sjálft út á stéttina fyrir framan húsið og út í garðinn. Þá fannst mér ýmislegt fleira vera aðgengilegra sem viðkemur aðbúnaði og vinnuadstöðu með þessu fyrirkomulagi segir hún.

Um frekara nám segist hún hafa sótt um fagnámskeið um heilabilun fyrir félagsliða sem á að hefjast í haust og hún vonaðist til að komast að á því.

Sundlaugin í Versölum



Opið:

	Sumar	Vetur
Virka daga:	6:30-22:30	6:30-22:30
Um helgar:	8:00-22:00	8:00-20:00
Helgidaga:	Samkvæmt auglýsingum	

SUNDLAUGIN Í VERSÖLUM - SALAHVERFI - S: 570 0480



Útskrifast af Leikskólabrú

Frábært að fá þetta tækifæri

– segir Kristín Friðriksdóttir



Fjölmennur hópur leikskólaliða útskrifaðist þann 16. maí sl. og er þriðji hópurinn sem lýkur námi á leikskólabrúnni. Nemendur fengu afhent viðurkenningarskjöl og Fag-hópur leikskólaliða afhenti útskriftarnemum barmmerki með árituninni Leikskólaliði. Í ávarpi sem nemendur fluttu kom fram mikill ánægja með námið og sögðu að meiri þekking og færni í starfi mundi skila sér inn á leikskólana. Kristín Friðriksdóttir er í hópi þeirra sem höfðu ástæðu til þess að gleðjast þennan dag vegna þess að þrátt fyrir að vera heyrnarlaus lauk hún við námið og náði mjög góðum árangri. Hún starfar í afleysingum við

talmálskennslu í Hlíðarskóla.

Um ástæðuna fyrir því að hún fór í Leikskólabrúna segist Kristín hafa unnið á Leikskólanum Klömbrum og þá hafi hún sótt fagnámskeið fyrir leiðbeinendur á leikskólum. Eftir að því lauk langaði hana til þess að læra meira. Einn daginn frétti ég að það ætti að fara af stað nám á Leikskólabrú og þegar þriðji hópurinn var kominn í gang ákvað hún að sækja um. Svo var bara að bíða og vona að ég fengi túlk og það reyndist vera auðsótt mál, segir hún.

Í byrjun hélt hún að að hún væri að fara á fyrirlestra. En strax í fyrstu kennslu-

stundinni kom annað á daginn þegar kennarinn byrjaði að útskýra hvað við ættum að gera og svo þurftum við að fara heim og skrifa ritgerð. Þá hugsaði ég, guð minn góður og ég sem er heyrnarlaus og léleg í íslensku, segir Kristín. En svo ákvað ég að láta mig bara hafa þetta. Ég var í uppeldisfræði til að byrja með og það var mjög erfitt og um tíma var óskaplega freistandi að gefast upp. En maðurinn minn kvatti mig til að halda áfram og tengdamóðir mín líka. Svo kom að prófum og það var enginn smákviði samfara því. En ég lét mig hafa það og þegar upp var staðið fékk ég átta í einkunn og eftir að sú niðurstaða lá fyrir jókst sjálfstraustið og núna er kominn útskriftardagur og það er ótrúlega gaman.

Námið gengið ótrúlega vel

Hún segir líka að námið hafi gengið ótrúlega vel. Síðasti áfanginn var íslenska og það var alveg skelfilegt en eins og áður ákvað ég að láta mig hafa það og núna er þetta búið, segir hún. Kristín segir að þau tvö ár sem námið tók hafa liðið ótrúlega hratt og það sé frábært að hafa fengið þetta tækifæri. Ég hef eignast margar vinkonur og það hafa mörg ný andlit komið inní líf mitt. Aðspurð um framhaldið segir Kristín að hana langi að læra meira en núna tek ég smá hlé og sé svo til með framhaldið. En ef táknmálið verður viðurkennt sem móðurmál þá héldi ég örugglega áfram í námi sagði Kristín og ljómaði af sjálfsöryggi.

Það þarf engin töfrabrögð til að tvöfalda lífeyrissparnaðinn!

Leggðu heldur fyrir í séreignarsjóð og þá mun launagreiðandinn greiða sömu upphæð á móti og þar með tvöfaldast sparnaðurinn þinn strax



Ef þú leggur fyrir **2% af launum þínum** í séreignarsjóð færðu sjálfkrafa jafnhátt **mótframlag frá launagreiðanda** þínum.

Hafðu samband í síma 515 4700 til að fá nánari upplýsingar.



Gildi var valinn besti lífeyrissjóðurinn
á Íslandi þrjú ár í röð, 2005, 2006 og 2007
af tímaritinu IPE





UMSÓKN OG SAMNINGUR UM SÉREIGNARSPARNAÐ Í SÉREIGNARSJÓÐI GILDIS

Ég undirrituð/aður sækir hér með um aðild að Séreignarsjóði Gildis og óska eftir samningi um séreignarsparnað í samræmi við skilmála á bakhlið umsóknareyðublaðs þessa sem ég sætti mig við að öllu leyti. Með undirritun minni á umsókn þessa og staðfestingu Séreignarsjóðs Gildis telst vera kominn á samningur milli mín sem rétthafa og Séreignarsjóðs Gildis sem vörsluaðila í samræmi við skilmála samningsins.

Umsækjandi (rétthafi):

Nafn	Kennitala
Heimili	Póstnúmer

Ég undirrituð/aður skuldbind mig til að _____% af heildarlaunum mínum verði greidd mánaðarlega til Séreignarsjóðs Gildis inn á séreignarreikning minn hjá sjóðnum.

Iðgjald sem nemur að hámarki 4% af iðgjaldastofni er undanþegið tekjuskatti. Skrifi umsækjandi ekki inn neina % í þennan reit er lítið svo á að hann óski eftir því að greiða 4%.

Umsækjanda er heimilt að greiða ákveðna krónutölu mánaðarlega til séreignarsparnaðar í stað ákveðinnar % tölu af heildarlaunum. Ef sú leið er valin skal tilgreina þá upphæð hér _____ kr.

Ég óska eftir því að launagreiðandi minn haldi eftir af launum mínum við hverja útborgun og skili til Séreignarsjóðs Gildis í samræmi við ákvæði samnings þessa.

Launagreiðandi:

Nafn	Kennitala
Heimili	Póstnúmer

Ég undirritaður óska eftir því að séreignarsparnaður minn verði ávaxtaður í:

- ☐ **Framtíðarsýn 1**
Skuldabréf 65%
Hlutabréf 35%
- ☐ **Framtíðarsýn 2**
Skuldabréf 80%
Hlutabréf 20%
- ☐ **Framtíðarsýn 3**
Bundinn
innlánsreikningur

Rétthafi getur flutt sparnað sinn milli safna með skriflegri beiðni þar um.

Samningur þessi er gerður samkvæmt heimildum í lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og samkvæmt samþykktum Gildis - lífeyrissjóðs.

Undirskrift umsækjanda

Staður og dagsetning

Undirskrift vottar og kennitala

Staðfesting Séreignarsjóðs Gildis

Staður og dagsetning

Undirskrift vottar og kennitala

Vinsamlega sendu samninginn undirritaðan til Séreignarsjóðs Gildis, Sætúni 1, 105 Reykjavík. Sjóðurinn mun senda þér staðfest ljósrít af samningnum og tilkynna launagreiðanda um hann.



Tryggvi Björn Stefánsson tók við styrkveitingunni á aðalfundi Eflingar

Aðalstyrkur Eflingar árið 2008

Til rannsókna gegn krabbameini

Á aðalfundi Eflingar er hverju sinni veittur veglegur styrkur til góðs mál-efnis og að þessu sinni ákvað stjórn félagsins að veita 1,5 milljón krónur til baráttunnar gegn krabbameini. Sigurður Bessason, formaður Eflingar sagði við þetta tækifæri að reynt hefði verið að haga þessum styrkjum þannig að þeir færu til rannsókna eða þarfa málefna þar sem þeir kæmu að sem mestum notum. Hann sagði að frá því að Tryggvi Björn Stefánsson, læknir, hefði komið á stjórnarfund Sjúkrasjóðs og lýst rannsókn sem hann hefur unnið með öðrum um gildi ristilspeglunar sem skimunar- aðferð fyrir krabbamein í ristli og endaparmi. Stjórn Sjúkrasjóðs hefði verið einhuga um að styrkja þessa rannsókn. Hann afhenti síðan styrk- fyrirheit að upphæð kr. 1,5 milljón til rannsóknarinnar.

Stjórn Sjúkrasjóðs hefur verið einhuga um að styrkja þessa rannsókn

Tryggvi Björn þakkaði fyrir veglega gjöf og þann mikla skilning sem Efling-stéttarfélag hefði sýnt þessari rannsókn og þar með rannsóknum til að afla þekkingar á krabbameini og síðan takast á við það. Hann sagði að mörg lönd stæðu að rannsókninni. Krabbamein í ristli og endaparmi er annað til þriðja algengasta krabbamein í Evrópu og um 130 ný tilfelli greinast hér á landi árlega og 60 manns deyja úr því á ári. Það eru mjög margir einstaklingar sem um er að ræða og kostar heilbrigðiskerfið um 600 – 700 milljónir árlega. Þetta krabbamein

myndast í sepum í ristli og endaparmi og þá er hægt að fjarlægja með aðgerð og þannig má fækka sjúkdómstilvikum um 80% en þó við fækkuðum þeim bara um helming, þá væri það mikill árangur, sagði hann.

Það verður að gera vísindalega rannsókn sem nú er verið að undirbúa. Hópur frá Norðurlöndum og Eystrasaltslöndunum, Póllandi og Hollandi tekur þátt í þessu verkefni. Heildarfjöldi verður 108 þúsund manns. 54 þúsund verða í viðmiðunarahópi. 8000 verða hér á landi og helmingur speglaður og helmingur til viðmiðunar. Síðan þarf að bíða í 10 ár og það þarf langan tíma áður en allur árangur kemur fram. Um 60 milljónir kostar að framkvæma rannsóknir hér.

Upplifði raunverulegar hamfarir jarðar

-segir Sveinn Ingvason í Hveragerði



Sveinn Ingvason, sviðsstjóri orlofs-húsa hjá Eflingu var staddur heima hjá sér í Hveragerði þegar jarðskjálftarnir riðu yfir. Hann gerir mikinn greinarmun á jarðskjálftum eins og þeim sem urðu árið 2000. Mér fannst núna sem ég væri að upplifa raunverulegar hamfarir jarðar í fyrsta sinn, segir hann. Maður hefur enga stjórn á sér. Það er allt stjórnlaust. Það er ólýsandi að lenda í þessari hringiðu. Hávaðinn er ærandi og þú gerir þér ekki grein fyrir því hvort fjöllin eru að hrynja í kringum þig eða nærliggjandi hús að koma yfir þig. Síðan kemur þessi líka æpandi þögn þar sem þú heyrir ekki einu sinni fugl tísta. Svona hlýtur heimsendir að vera, hugsar maður.

Það sem gerðist var að skjálftinn byrjaði eiginlega með hveli án nokkurs fyrirvara, segir Sveinn. Ég var í stofunni inni og hélt að ég gæti bjargað einhverjum hlutum og húsgögnum sem flugu um loftið. Sem betur fer hreyf eldsnögg atburðarásin mig út úr þeim veruleika og þá reyndi ég að komast út

um forstofuna og útihurðina en ætlaði aldrei að hafa það út. Þá kemur þetta hrikalega ógnarhögg undir húsið og ég hendist út úr húsinu og út á stétt. Ég fann gólfplötu hússins bara ganga upp og jörðin kom á móti mér. Þetta var einhver ógnartilfinning sem nær algerlega tókum á manni og heldur manni í helgreipum. Ég er búin að reyna að fara í gegnum þetta með sjálfum mér eftir á en get með engu móti gert mér grein

fyrir því hvað gerðist. Ég skjögra síðan á fætur og átta mig á því að ég er slasaður. Ég er í ákveðnu losti en finn samt gríðarlegan sársauka sem stafaði af opnu beinbroti á tánni sem ég hafði fengið við landinguna út úr húsinu. Svo þegar ég fór inn í húsið þá fékk maður seinna áfallið við að sjá allar skemmdirnar. Maður verður algerlega hjálparvana og bjargarlaus við svona aðstæður, segir Sveinn.





Eins og sjá má voru afleiðingar skjálftans hrikalegar og innbúið allt nánast ónýtt

NÝTT FRÆÐSLUEFNI

Hægt er að skoða efnið og panta á:
www.lydheilsustod.is - Útgáfur



Ráðleggingar um
hreyfingu



Ráðleggingar um
heilsuefningu á
vinnustöðum



LYDHEILSUSTÖÐ



Hópuppsagnir

Hvaða reglur gilda?

Á síðustu árum hefur ríkt mikil þensla á vinnumarkaði og ekki reynt mikið á ákvæði kjarasamninga og laga um fjöldauppsagnir. Nú þegar samdráttar er farið að gæta á nokkrum sviðum almenna vinnumarkaðarins, hafa borist fyrirspurnir til Eflingar um hvernig standa beri að uppsögnum hópa starfsmanna þannig að samningum og lögum sé fullnægt. Bæði er um starfsmenn og trúnaðarmenn sem hafa samband en einnig er um forsvarsmenn fyrirtækja

að ræða sem vilja kynna sér hvaða reglur gilda í þessu efni. Meginatriði laga og samkomulags um hópuppsagnir er að forsvarsmönnum fyrirtækja er uppalagt að hafa samráð við trúnaðarmenn eða fulltrúa starfsmanna og útskýra ástæður hópuppsagna með góðum fyrirvara þannig að hægt sé að leita leiða til að komast hjá uppsögnunum. Fjallað er um helstu atriði laga og kjarasamninga hér á eftir.

Núverandi ákvæði kjarasamninga er að finna í kjarasamningi Flóans og SA frá 2004 í **samkomulagi um hópuppsagnir** þar sem vel er farið yfir meginatriði er varða gildissvið, samráð og framkvæmd hópuppsagna. Þarna er m.a. að finna skilgreiningar á fjölda starfsmanna sem miðað er við til að um hópuppsagnir sé að ræða. Það telst hópuppsögn þegar a.m.k. 10 manns er sagt upp í fyrirtækjum með 16-100 manns í vinnu, 10% starfsmanna með 100-300 starfsmenn og a.m.k. 30 manns í fyrirtæki þar sem vinna 300 manns eða fleiri. Miðað er við að hópum sé sagt upp á 30 daga tímabili.

Uppsagnir taka gildi 30 dögum eftir tilkynningu til vinnumiðlunar

Í **lögum um hópuppsagnir nr. 63 frá árinu 2000** er einnig að finna sérstök stjórnvaldsákvæði um tilkynningar til svæðisvinnumiðlana sem eru undir stjórn Vinnumálastofnunar. Samkvæmt ákvæðunum ber atvinnurekanda að senda svæðisvinnumiðlun skriflega tilkynningu um fyrirhugaðar uppsagnir ásamt nauðsynlegum upplýsingum um uppsagnirnar. Uppsagnir mega fyrst taka gildi 30 dögum eftir að tilkynning berst vinnumiðlun. Dæmi eru um að atvinnurekendur hafa ekki virt þennan frest eða hafa ekki kynnt sér hann. Frestinn ber einmitt að nota til að leita leiða til að leita lausna á þeim vanda sem hópuppsagnir geta valdið.

Samráðið mikilvægt

Rauði þráðurinn í gegnum bæði samkomulag SA og ASÍ félaganna gengur út á samráð við trúnaðarmenn, fulltrúa starfsmanna og upplýsingaskyldu þeirra sem hyggjast beita hópuppsögnum gagnvart þessum aðilum m.a. um ástæður uppsagna, hve mörgum nákvæmlega á að segja upp og hvenær uppsagnir eiga að taka gildi.

Viðurlög

Fyrirtæki hafa stundum reynt að fara í kringum lögin með því að segja upp fólki rétt undir þeim mörkum sem viðmiðanir hópuppsagna taka til. Í þessu sambandi er rétt að minna á að það eru viðurlög í núgildandi lögum. Í 11. og 12.gr. kemur fram að beita má sektum ef samráðsákvæðin eru ekki virt. Ef atvinnurekandi brýtur gegn ákvæðunum af ásettu ráði eða gáleysi, þá er hann skaðabótaskyldur samkvæmt almennum reglum.

Gaukur Travel

Gaukur Travel býður uppá dagsferðir um Þjórsárdalinn.

Þjóðum einnig fastar ferðir í sumar, frá Reykjavík, sunnudagana 22. júní, 13. júlí, 20. júlí og 10. ágúst. Farið verður frá Ráðhúsi Reykjavíkur kl. 10:00.

Bókanir og nánari upplýsingar í síma 897 8018 og á www.gaukur-travel.is

Lundurinn okkar í Heiðmörk



Eins og oft hefur komið fram í blaðinu hóf Iðja félag verksmiðju-

fólks að gróðursetja tré í Heiðmörk fyrir nokkrum áratugum. Reiturinn

er nú í umsjón og eigu Eflingar-stéttarfélags. Á undanförunum árum hefur Guðmundur Þ annar varaformaður Eflingar skipulagt gróðursetningarferðir fyrir félagsmenn á svæðið. Ánægjulegt hefur verið að fylgjast með stækkun trjáanna og gróðursældinni sem víða ríkir í Heiðmörkinni, ekki síst á þessum stað sem Iðja tók í fóstur á sínum tíma.

Okkur lék forvitni á að sjá árangurinn nú í sumarbyrjun og hann vakti engin vonbrigði við skoðun frekar en á fyrri árum. Á gönguferð um lundinn með Guðmundi Þ tókum við myndir til að sýna félagsmönnum þennan fallega stað í Heiðmörkinni og hvetjum við fólk til að fara um Heiðmörkina og njóta þeirrar paradísar sem liggur við borgarhlið Reykjavíkur. Þar má sjá mörg fögur tré og annan fallegan gróður sem sýnir árangurinn af gróðursetningunni með eigin augum.

HEYRN

HEYRNARÞJÓNUSTA

Við bjóðum fullkomnustu heyrnartækin frá danska framleiðandanum ReSound

- * Hágæða heyrnartæki með vindvörn
- * Fyrstu hlaðanlegu heyrnartækin
- * Einföld og þægileg í notkun



Tímarpantanir í síma 534-9600

- * Heyrnarþjónusta
- * Heyrnarmælingar
- * Heyrnartæki
- * Ráðgjöf



AZURE EFLIR HEYRN Á EÐLILEGAN HÁTT

Azure er nýjasta og háþróaðasta heyrnartæki sem ReSound framleiðir.

Hugmyndin að baki Azure heyrnartækinu er að heyrn með því verði eins eðlileg og frekast er unnt. Kristaltær tónn án takmarkana og ama fyrir notandann - rétt eins og hann á að vera.

Azure flokkar ekki það sem notandinn fær að heyra og takmörkuð stærð tölvuforrita afmarkar ekki hljóðvinnslu þess.

Nánari upplýsingar á www.heyirn.is

Heyrnarþjónustan Heyrn ehf. Hlíðasmára 11. 201 Kópavogur. Sími 534 9600. netf: heyirn@heyirn.is



Fyrstu þjónustuliðarnir útskrifast

Mikill samhugur í hópnum

-segir Hansína S. Gísladóttir

Útskriftarhópurinn að athöfn lokinni

Fyrstu þjónustuliðarnir voru útskrifaðir af námskeiði eftir að hafa lokið sextíu kennslustunda námi hjá Mími-símenntun. Nemendurnir eru af íslenskum og erlendum uppruna og vinna flestir við ræstingar. Það fór ekki fram hjá þeim sem voru viðstaddir að mikill samhugur var í hópnum.

Hansína Sesselía Gísladóttir hefur unn-

ið við ræstingar í fimm ár á Grund og er sámilega ánægð með starfið. Svo var mér boðið á þetta námskeið, segir hún, og ég var ekki sérstaklega spennt fyrir því, en það kom mér á óvart hvað námið hefur verið skemmtilegt. Aðspurð um námsefnið segir Hansína að m.a. hafi verið fjallað um sóttvarnir og ýmislegt sem snýr að öryggismálum og þar kom ýmislegt í ljós sem ég vissi ekki áður.



Hansína Sesselía Gísladóttir

Meðlagsgreiðendur

Meðlagsgreiðendur, vinsamlegast
gerið skil hið fyrsta og forðist
vexti og kostnað.



INNHEIMTUSTOFNUN SVEITARFÉLAGA

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Kt. 530372-0229 • www.medlag.is
Banki 0111-26-504700 • Sími 590 7100 • Fax 590 7101

Svo lærðum við hjálpi í viðlögum, líkamsbeitingu og heimsóttun Fönix og skoðuðum tæki og ýmis önnur tól sem eru notuð við ræstingar. Námið stóð yfir í fimm vikur og kennt var frá klukkan eitt eftir hádegi til fjögur og launin hafi ekki verið skert þó að kennslan færi fram í vinnutíma. Hansína segist vera afskaplega þakklát þeim aðilum sem standa að náminu og ekki síst Grund fyrir að styðja vel við bakið á starfsmönnum sínum, sem voru í miklum meirihluta á námskeiðinum.



Orkuveitan

Samningar í undirbúningi

Einn af þeim kjarasamningum sem fylgja jafnan samningnum á almenna markaðnum er kjarasamningur Eflingar-stéttarfélags við Orkuveitu Reykjavíkur. Undanfarnar vikur hefur verið fundað um þennan samning með forsvarsmönnum OR, trúnaðarmönnum félagsins hjá fyrirtækjum og forsvarsmönnum Eflingar. Um er að ræða samning sem tengist öðrum samningum t.d. iðnaðarmanna hjá fyrirtækinu og tekur jafnan nokkurn tíma að ná samningum. Myndin er tekin á dögnum í húsakynnum Orkuveitunnar þar sem reynt var að ná málum áfram.

FOSSHÓTEL
Vinalegri um allt land



www.fosshotel.is
www.inns.is

Nú gilda gistimiðar frá Eflingu á **18**
gististöðum Fosshótela um allt land



- ① Fosshótel Lind - Reykjavík - Sími: 562 3350
- ① Fosshótel Baron - Reykjavík - Sími: 562 3204
- ① Fosshótel Suðurgata - Reykjavík - Sími: 562 4018
- ① Flóki Inn - Reykjavík - Sími: 552 1155
- ① Garður Inn - Reykjavík - Sími: 511 5900
- ② Fosshótel Reykholt - Reykholti - Sími: 435 1260
- ③ Gistihúsið Bifröst - Borgarfirði - Sími: 435 0101
- ④ Fosshótel Áning - Sauðárkrúki - Sími: 453 6717
- ⑤ Gistihúsið Hólar - Hólum - Sími: 455 6333
- ⑥ Fosshótel Dalvík - Dalvík - Sími: 466 3395
- ⑦ Fosshótel Laugar - Laugum - Sími: 464 6300
- ⑧ Fosshótel Húsavík - Húsavík - Sími: 464 1220
- ⑨ Fosshótel Hallormsstaður - Hallormsstað - Sími: 471 1705
- ⑩ Fosshótel Vatnajökull - Höfn - Sími: 478 2555
- ⑪ Fosshótel Skaftafell - Skaftafelli - Sími: 478 1945
- ⑫ Fosshótel Mosfell - Hellu - Sími: 487 5828
- ⑬ Fosshótel Nesbúð - Nesjavöllum - Sími: 482 3415
- ⑬ Fosshótel Hengill - Nesjavöllum - Sími: 482 3415

Fosshotel ehf. - Borgartúni 33 - Sími: 562 4000 - Fax: 562 4001 - bokun@fosshotel.is - www.fosshotel.is

Brautskráning úr Fagnámskeiði II fyrir starfsmenn í eldhúsum og mötuneytum

Matarvenjur mikið breyst á áratug

- segir Margrét Friðriksdóttir, skólameistari



Útskriftarhópurinn

Fagnám fyrir starfsfólk í eldhúsum og mötuneytum hófst fyrir fjórum árum í Menntaskólanum í Kópavogi í samvinnu við Eflingu og fræðsluráð hótél- og matvælagreina. Aðsókn var mjög góð og í ljós kom að þörfin fyrir hagnýta menntun fyrir störf í eldhúsum og mötuneytum er mikil. Í byrjun maí voru 12 nemendur útskrifaðir af Fagnámskeiði II og bætast þeir í hóp um hundrað nemenda sem hafa lokið þessu námi. Margrét Friðriksdóttir, skólameistari, afhenti nemendum viðurkenningarskjal og sagði m.a. að matarvenjur okkar hafi gjörbreyst á síðustu 10-15 árum og sterkustu einkenni íslensks mataræðis frá árum áður séu óðum að hverfa.

Í nýlegri könnun Lýðheilsustöðvar kom fram að ungt fólk borðar tólf sinnum

meira af frönskum kartöflum en eldra fólk, tuttugu sinnum meira af pizzu og drekkur tíu sinnum meira af gosi. Pizzuneysla ungra stráka á aldrinum 15 til 19 ára vekur sérstaka athygli, því hún er hvorki meiri né minni en 120 grömm á dag að meðaltali, sem jafngildir stórra sneið á degi hverjum. Þessi hópur drekkur að meðaltali 1 lítra af gosi á dag. Pizzan hefur greinilega leyst fiskinn af hólmi sem þjóðarréttur ungra Íslendinga. Í könnuninni kom líka fram að vatn er núna algengasti drykkur íslendinga. En var fjórði í röðinni árið 1990, á eftir kaffi, mjólk og gosdrykkjum en kaffidrykkja hefur minnkað.

Fæðuval er hluti af lífsstíl og ekki má heldur gleyma félagslegum þætti fæðunnar og þeirri ánægju og nautn sem matur veitir í daglegu lífi. Því hefur verið haldið fram að fjölskyldumáltíðir væru á undanhaldi á íslenskum heimilum. En samkvæmt könnuninni borða um 80% fólks aðalmáltíð dagsins með fjölskyldunni fimm daga vikunnar eða oftar og er það mikið fagnaðarefni, sagði hún.

Sérstakir hópar eins og aldraðir sem er ört stækkandi þjóðfélagshópur þurfa oft á sérfæði að halda. Á dögnum kom út Handbók um mataræði aldraðra. En fæði sem öldruðum stendur til boða á dvalar- og hjúkrunarstofnunum og í heimahúsum hefur áhrif á heilsu þeirra og líðan. Maturinn þarf ekki aðeins að uppfylla kröfur um næringargildi það skiptir ekki síður máli að hann sé bragðgóður og lystugur og fallega fram borinn, sagði Margrét að lokum.

Veist þú að...?

Veistu hver lágmarkstekju-trygging er árið 2008?

Veistu að tekjutrygging fyrir árið í ár er 145.000,- kr. á mánuði. Þetta þýðir að lágmarkstekjur fyrir fullt starf sem nemur 173,3 stundum á mánuði má ekki vera lægri en sem nemur þessum tekjum.

Pizzan hefur greinilega leyst fiskinn af hólmi sem þjóðarréttur ungra Íslendinga



Meiri þekking en áður

-segir Jenný Hannesdóttir

Jenný Hannesdóttir er aðstoðarkona í eldhúsinu á Leikskólanum Hulduhólum í Grafarvogi og var í útskriftarhópnum. Við ræddum við hana eftir að útskriftinni lauk. Hún hafði farið á Fagnámskeið I síðastliðið haust og útskrifast í desember.

Eftir áramótin ákvað hún að sækja um Fagnámskeið II ásamt fleiri konum sem voru á fyrri námskeiðinu og við erum tólf sem erum að útskrifast, segir hún.

Skipulag námsins er til fyrirmyndar og námsgreinarnar séu valdar með það í huga að þær tengjast allar starfsumhverfinu. Um er að ræða næringarfræði, hreinlætisfræði, samskiptatækni, tölvur og matreiðslu. Aðspurð um kennslufyrirkomulagið segir Jenný að það sé sérsniðið að þörfum starfsmanna í eldhúsum og mötuneytum og

kennt sé eftir þrjú á daginn og fram á kvöld. Ég hef meiri þekkingu á hráefninu og næringargildi þess og þrifum á öllu sem viðkemur eldhúsinu og matargerð. Svo hef ég fengið aukið sjálfstraust í starfi og samskiptum við aðra og allt kemur þetta mér, börnunum og samstarfsfólki mínu til góða.

Hún segir að kennararnir og samnemendur sínir hafi verið frábærir og hún sjái ekki eftir þeim tíma sem fór í námið. Aðspurð um hvort að hún sé að hugsa um frekara nám e.t.v. matvælatækni segist Jenný ætla að skoða þau mál í rólegheitum.



ÁRBÆJARSAFN - GOTT HEIM AÐ SÆKJA

OPIÐ ALLA DAGA Í SUMAR FRÁ 10 - 17

Nánari upplýsingar á vefslóðinni
www.minjasafnreykjavikur.is



ÁRBÆJARSAFN

Kistuhyl • 110 Reykjavík • Sími 411 6300
www.minjasafnreykjavikur.is

**Frábærir samnemendur og
kennarar**



Endurgeldur stéttarfélagunum gistigreiðann



**Skráning í sumarferðirnar
á skrifstofu Útivistar**



ÚTIVIST

Laugavegi 178. Sími 562 1000. www.utivist.is

Efningu barst rausnarleg bókaþjóf þann 17. apríl sl. Þegar María Helen Ólafsdóttir hafði samband við Orlofssviðið og baðst til að gefa félaginu bækur. Hún hafði áður fyrr dvalið í sumarbústöðum Dagsbrúnar og seinna Eflingar um margra ára skeið ásamt foreldrum sínum og oft vantað bækur til þess að stytta sér stundir við lestur ef veðrið var vont. Núna vildi þannig til að hún var að taka til í dánarbúi foreldra sinna þar sem voru ýmsar góðar bækur. Henni datt þá í hug að endurgjalda greiðann við stéttarfélagin þar sem bækurnar gætu komið sér vel fyrir dvalargesti í sumarhúsum félagsins. Sveinn Ingvarson, forstöðumaður og Ólöf Björk Björnsdóttir brugðust strax við og er myndin tekinn þegar þau sóttu bækurnar. María Helena Ólafsdóttir er fyrir miðri mynd.

Efling fer víða

Fimmtíu manna ánægður hópur í Halifax

-segir Guðmundur Þ Jónsson



Það er fimmtíu manna ánægður hópur hér í Halifax að leggja af stað í skoðunaferð um borgina. Við fáum hér blíðskaparveður eins og það gerist best heima



15–17 stiga hiti og sólskin. Halifax virðist mjög falleg borg sem teygir sig hér eftir strandlengjunni í Kanada. Menn eru fullir tilhlökkunar fyrir ferðinni um þetta fallega svæði. Við komum seint í gærkvöldi á hótelið og það var gaman að vakna hér í morgun í svona líka blíðviðri, segir Guðmundur Þ Jónsson sem sendir bestu kveðjur heim til Íslands.


www.efling.is

Sundlaugin Hraunborgum

FÉLAGSHEIMILI SJÓMANNA

Grímsnesi v/Kiðjabergsveg Sími 486 4414

- ÞRÍR HEITIR POTTAR
- VATNSGUFUBAÐ
- MINIGOLF, HJÓLALEIGA OG PULLBORD Í FÉLAGSHEIMILI SJÓMANNA
- 9 HOLU GOLFOVÖLLUR


AUK ÞESS ERU Á SVÆÐINU HJÓLHÝSA- OG TJALDSTÆÐI



- Opnunartími sumarið 2008
30. maí - 24. ágúst

Opið alla daga nema föstudaga og sunnudaga frá kl. 10.00 - 20.00
Föstudaga frá kl. 10.00 - 12.00 og 17.00 - 21.00
Sunnudaga frá kl. 10.00 - 17.00





Lausnarorð:

1	2	3	4	5	6	7	8	9
---	---	---	---	---	---	---	---	---

Lausnarorð:

Nafn:

Vinnustaður:

Sími:

Heimili:

Kennitala:

Verðlaunakrossgáta

Veitt verða verðlaun fyrir lausn á krossgátunni. Verðlaunin nema **15.000,- krónum**.

Lausnir sendist til: Efling-stéttarfélag / Krossgátan, Sættún 1, 105 Reykjavík.


Svar þarf að berast fyrir 1. ágúst 2008.



Inga Hrönn heppin

Það var hún Inga Hrönn Þorvaldsdóttir sem starfar hjá Húsfélaginu Sigtúni sem var heppin þegar dreginn var út 15.000,- kr. vinningurinn hjá Eflingu fyrir síðustu krossgátu. Hér er hún að taka við vinningnum.

Lausn síðustu krossgátu



LAUSNARORD:
LÖGREGLUR

GLENS OG GAMAN - JÓGA - KVÖLDVÖKUR - FRÆÐSLA - LEIKIR - SÖNGUR - SLÖKUN

Sumarleyfisferðir

Ferðafélags Íslands

LAUGAVEGURINN
HORNSTRANDIR
FJÖRÐUR
HÉDINSFJÖRÐUR
KJÖLUR
SPRENGISANDUR
ÞÓRSMÖRK
LANDMANNALAUGAR
VÍKNASLÓÐIR
LÓNSÖRÆFI
og margt margt fleira....



Ferðafélag Íslands - líf og fjör í ferðum

www.fi.is - fi@fi.is - sími 568 2533

Útskrifuðust af lesblindunámskeiði



Þessi myndarlegi hópur útskrifaðist af lesblindunámskeiði þann 5.júní sl. Meðal þeirra sem fluttu ávörp voru þrír

nemendur og voru þeir sammála um að námskeiðið hefði verið mjög árangursríkt og hvöttu þá sem standa að nám-

inu til frekari dáða við uppbyggingu þess á næstu misserum.



- Landnáms- og Egilssýningar opnar alla daga frá 10-19
- Falleg gjafavöruverslun opin alla daga frá 10-19
- Fjölskylduvænn veitingastaður opinn frá 10-21
- Skemmtun, fræðsla og gómsætur matur



Landnámssetur Íslands Borgarnesi

www.landnamssetur.is • sími 437 1600

VIÐ ELSKUM
FÓTBOLTA



LANDSBANKAÐEILDIN



Landsbankinn



Nú hefur myndast nýr meðbyr í persónulegri fjármálaþjónustu fyrir einstaklinga og fyrirtæki



BYR - sparisjóður | Sími 575 4000 | www.byr.is